



kjarninn

9. útgáfa – 17. október – vika 42

Hef gaman af dansi

Með blá augu

19-24 ára

Með brúnt hár

Spila golf

30-35 ára

KONUR VILJA SPJALLA, KARLAR VILJA KYNLÍF

Ítarleg úttekt Kjarnans
á notendum á
Einkamáli.is

Tölfræði unnin
upp úr ríflega 12
þúsund notendum

Tæplega 27 prósent
karla vilja skyndikynni
en 12 prósent kvenna


Efnisyfirlit

9. útgáfa
17. október 2013
vika 42



ATVINNULÍF

Bankar og sjóðir eiga íslenskt atvinnulíf



FÓTBOLTI

Sögulegir sigrar landsliðsins



NORÐURSLÓÐIR

Ísland á svæði tækifæranna




VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Hreggviður Jónsson

Hættuleg staða þjóðar í fjármagnshöftum

ÁLIT


„Ýmislegt hefur þó áður komið fram um boðaðar breytingar á húsnæðislánakerfinu. Skilvirku húsnæðislánakerfi er ætlað að miðla fjármunum frá þeim sem eiga fé til þeirra sem taka húsnæðislán eða í leiguíbúðakerfi.“

Jón Finnbogason



MARKAÐSMÁL

Maður er manns gaman



MATUR

Matreiðslumaður ársins í viðtali



KVIKMYNDIR

Blackfish: Versta besta mynd ársins

PISTILL


„Þýskaland er ekki bara eitt stærsta hóruhús heimsins heldur stefnir það líka í að verða...“

Auður Jónsdóttir



DÓMSMÁL

Danir stutt komnir með hrunmálin



ARKITEKTÚR

Superkilen flæðir um umhverfið



TÓNLIST

Styttist óðum í Airwaves



GALLERÍ

Obama, brauðið og sprengingarar




STJÓRNMÁL

Svívirðilegt tilboð í burðarliðnum

ÁLIT

„Greiningum gegn svikum er ætlað að gera eftirlit skilvirkara og árangursríkara“

Arnar Jónsson og Brynjólfur Borgar



BÆKUR

Börnum hætta búin í skáldskapnum

Áréttingar

Í síðustu útgáfu Kjarnans var sagt frá því að Ísland kæmi ekki í veg fyrir mútur samkvæmt skýrslu Transparency International. Þar sagði að um væri að ræða fyrirbyggjandi aðgerðir gegn erlendum múturgreiðslum. Hið rétta er að um var að ræða vöntun á fyrirbyggjandi aðgerðum gegn mögulegum mútum íslenskra aðila gagnvart erlendum embættismönnum.



kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708

kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórn: Gísli Jóhann Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.



BLANDAÐU GEDI VIÐ RUSSELL HOBBS



Russell Hobbs

Glæsilegur 750W
blandari með glerkönnu
úr vinsælu Desire-línunni
frá Russell Hobbs.

9.746

**VERD
ÁÐUR****12.995****NÁNARI UPPLÝSINGAR**

- 750W blandari
- 1,5 lítra glerkanna
- 2 hraðastillingar ásamt „pulse“ takka
- Gúmmi undir blandara sem heldur honum stöðugum
- Hægt að opna lítill op í lokinu til að bæta ofani blandarann á meðan hann er í gangi



25%

afsláttur af öllum
Russell Hobbs
vörum

Brot af vörurvali okkar

29.900 TILBOÐ VERD ÁÐUR 33.000 Russell Hobbs Desire hræri vél	12.675 TILBOÐ VERD ÁÐUR 16.000 Russell Hobbs Desire matvinnuvél	14.925 TILBOÐ VERD ÁÐUR 19.000 Russell Hobbs Desire safþessa	5.993 TILBOÐ VERD ÁÐUR 7.990 Russell Hobbs saltþráttur – rjótblóð	10.425 TILBOÐ VERD ÁÐUR 13.000 Russell Hobbs Deluxe kaffivél	7.118 TILBOÐ VERD ÁÐUR 9.490 Russell Hobbs Desire tófraspotti	8.175 TILBOÐ VERD ÁÐUR 10.000 Russell Hobbs hringspottur
--	--	---	--	---	--	---



SENDUM FRÍTT HEIM STRAX Í KVÖLD

innan höfuðborgarsvæðisins*

Risa vefverslun – aukin þjónusta



Frá því Heimkaup hófu göngu sína hafa þúsundir Íslendinga nýtt sér hversu þægilegt og fljótlegt er að versla á heimkaup.is, enda bjóðum við mikið úrval af vörum á frábæru verði.

Við sendum vöruna til þín frítt* hvert á land sem er og komum vörum til skila sama kvöld ef pantað er fyrir kl. 18. Við bjóðum viðskiptavini líka velkomna í sýningarsal okkar í Turnum, Kópavogi þar sem hægt er að kaupa vörur á staðnum eða sækja vörur sem keyptar eru í vefversluninni.

*Sjá nánar um sendingarmöguleika og skilmála um heimsendingar á heimasíðunni, www.heimkaup.is

Smíratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

heimkaup.isOrugg
vefverslunHagstætt
veró

Hraðsending

Sendum um
allt land**HEIMKAUP**



Ísland er Kúba norðursins

LEIÐARI

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is



Deildu með umheiminum



Undanfarna daga hefur um fátt annað verið rætt á alþjóðavettvangi en daginn í dag, 17. október. Ástæðan er sú að raunveruleg hætta hefur myndast á því að greiðslufall verði á bandarískum ríkisskuldabréfum með tilheyrandi vantrausti á ríkissjóð Bandaríkjanna. Tíminn sem stjórnámálönnum bandaríska þingsins hefur verið gefinn var til dagsins í dag. Seint í gær tókst að afstýra því að þessi alvarlega staða kæmi upp, en þó aðeins með skammtímaheimild ríkissjóðs til frekari lántöku. Ýmsir hafa varað við því að alvarleg staða geti komið upp ef deilurnar í bandaríska þinginu leiða til greiðslufalls, þar á meðal Lloyd Blankfein, bankastjóri og stjórnarformaður Goldman Sachs, eins stærsta fjárfestingarbanka heims. Sumir kalla hann valdamesta mann heims, sem segir ýmislegt um vægi banka-geirans í heimsbúskapnum á óvissutímum.

Ísland er að einhverju leyti einangrað frá þessum vanda, einkum hvað bankakerfið snertir. Hið endurreista bankakerfi er fjármagnað með innlánnum landsmanna innan fjármagnshafta að langmestu leyti og mun snörp tilfærsla á fjármagni milli eignaflokka á alþjóðamörkuðum, ef til hennar kemur, ekki hafa jafn alvarleg áhrif hér á landi og víða annars staðar af þeim sökum.

Á sama tíma og einangrun og fjármagnshöft eru helstu varnir okkar þegar kemur að erfiðleikum á alþjóðamörkuðum eru þau einnig okkar helsti vandi. Það eru ekki spennandi tækifæri sem fylgja því að einangrast frá alþjóðamörkuðum, eins og er óhjákvæmilegur fylgifiskur strangra fjármagnshafta. Eitt það versta við þau er spillingin sem fylgir þeim, aukin stéttaskipting og mikil áhrif kunningjaveldisins. Innan hafta þrífst spilling, sem felst í aðstöðumuninum sem höftin skapa. Fjárfestingaleið Seðlabanka Íslands er ágætt dæmi um það. Með henni gefst Íslendingum í útlöndum tækifæri á því að kaupa sér betri aðstöðu en almenningi á Íslandi býðst. Þetta grefur undan samkeppni og ýtir undir stéttaskiptingu.

Í þessum aðstöðumun geta þeir einstaklingar blómstrað sem hafa byggt allt sitt á kunningjaveldinu, eru „bestu vinir aðal“. Slík staða er óþolandi og óholl öllum samfélögum, ekki síst þeim sem eru lítil. Þessi aðstöðumunur borgaranna felur ekki í sér jafnræði, en stjórnarskráin segir til um að ríkisvaldinu skuli beitt með jafnræði að leiðarljósi.

Smátt og smátt er Ísland að einangrast frá alþjóðamörkuðum vegna hafta og mikilla skulda þjóðarbúsins í erlendri mynt. Hagkerfið er ekki nægilega burðugt til að búa til gjaldeyriskjör sem duga fyrir skuldunum. Í það minnsta er það mat seðlabankans að miðað við óbreyttar forsendur muni Ísland lenda í alvarlegum vandræðum innan skamms tíma ef ekkert verður að gert. Það er ekki nema eitt og hálf ár í að óyfírstíganleg vandamál komi upp. Það mat hefur birst ítrekað í kjarnnyrtum skrifum Seðlabankans í Fjármálastöðugleika og Peningamálum undanfarin tvö ár. Seðlabankinn verður ekki sakaður um að þegja um vandamálin í þetta skiptið, svo mikið er víst.

Stjórnámálönnum ber skylda til þess að slíðra sverðin og horfast í augu við stöðuna eins og hún er. Forsvarsmenn nýrrar ríkisstjórnar, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, hafa ítrekað sagt að það verði að afnema fjármagnshöftin. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Seðlabankinn hefur birt er það ekki hægt á grundvelli núverandi fyrirkomulags peningamála. Þvert á móti þarf að setja mikil höft á fjárfestingar til og frá landinu, einkum á fjárfestingar fagfjárfesta, til þess að kerfið sem notast er við gangi upp. Aðeins á þeim forsendum verði hægt að notast við krónuna áfram. Þetta þýðir í reynd að það stendur alls ekki til að afnema höftin. Það er tæknilega ómögulegt vegna þess hve staða Íslands er viðkvæm. Það sem Sigmundur Davíð og Bjarni segja ítrekað er því ekki rétt, miðað við þær upplýsingar sem birtar hafa verið opinberlega um stöðu mála.

Sigmundur Davíð og Bjarni ættu frekar að horfast í augu við að það er ekkert óeðlilegt að Ísland verði kallað Kúba norðursins í nánustu framtíð. Ekkert ríki á norðurslóðum býr við viðlíka haftabúskap og jafnvel þótt leyst verði úr þeim vanda sem snýr að erlendri krónueign hér á landi, með miklum ávinningi fyrir ríkissjóð, verður haftabúskapur áfram það sem íslenska hagkerfið þarf að laga sig að. Í þessum skilningi er Ísland Kúba norðursins og verður um ókomna tíð nema mörkuð verði ný stefna.

k

kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708

kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórnar: Gísli Jóhann Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.

GALLERÍ

Smelltu á myndirnar til að sjá þær stærri og lesa um augnablikin





Sprengt í upphafi trúarhátíðar

Íraskur drengur grét á götum borgarinnar Kirkuk eftir að skæruliðar sprengdu bílsprengju þegar súnníar yfirgáfu mosku eftir bænahald á þriðjudag. Skæruliðar sprengdu á nokkrum stöðum í Írak á þriðjudag. Alls fórust 13 og tólf særðust í árásunum. Óttast er að trúarátökin milli súnnía og sjía í Írak aukist á ný eftir að hafa náð hámarki 2006 og 2007, en ráðist hefur verið á báða trúarhópa á þessu ári.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til
að sjá alla myndina





„Heyrðu, ég er í smá vandræðum“

Jairam Yadav sá sæng sína uppreidda og óskaði eftir aðstoð eftir að bílaflutningabíll hans valt nærri því á hliðina í vindhviðunum sem fylgdu veðurhvirlinum Phailin sem gekk yfir austurströnd Indlands á þriðjudag. Sjö fórust í óveðrinu þótt viðamestu rýmingaráætlanir í sögu landsins hefðu verið settar af stað. Yadav hefur vonandi fengið aðstoð og skilað Toyota-bílnum á áfangastað.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til
að sjá alla myndina





Beðið í Malasíu

Þessar hnátur sátu stilltar og fóru að fordæmi foreldra sinna sem báðu til Guðs í upphafi Eid al-Adha. Múslimar minnst fórnfýsi Abrahams um þessar mundir, en hann á að hafa viljað fórna syni sínum Ísmael fyrir guð. Samkvæmt trúartextum á guð að hafa fagnað undirgefni Abrahams og fært honum lamb til að fórna í stað sonarins. Hátíðin er því ætluð til að minna múslima á fórnfýsi gagnvart guði.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til
að sjá alla myndina





Jörðin rifnaði í jarðskjálfta

Par á mótorhjóli á Filippseyjum þurfti að vanda vegavalið vel til að falla ekki í sprungurnar sem mynduðust víða í sterkum jarðskjálfta, 7,1 á Richter-kvarða að stærð. Þessi sprunga í bænum Loboc á eyjunni Bohol var gríðarstór. Að minnsta kosti fjórir fórust þegar byggingar hrundu í náttúruhamförunum. Ekki varð Íslendingum meint af en einn þeirra lýsti því á RÚV hvernig jarðskjálftinn hefði varað mun lengur en þeir skjálftar sem við eigum að venjast hér á Íslandi.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til
að sjá alla myndina





Smurði samlokur í Washington

Handtök Baracks Obama Bandaríkjaforseta voru hröð og óaðfinnanleg þegar hann vandaði sig við að smyrja samlokur í Washington-borg á þriðjudag. Forsetinn hjálpaði þá sjálfbodaliðum að fæða heimilislaua í höfuðborginni. Bandaríkjastjórn hefur barist við að fá þingið til að samþykka hækkun skuldþaksins í nú þrjár vikur. Stjórnvöld hafa neyðst til að takmarka starfsemi ríkisins við nauðsynjar á þessum tíma en hugsanlega gæti orðið greiðslufall á ríkisskuldabréfum.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til
að sjá alla myndina





KARFAN



DRAMADEILD DOMINO'S


Stilltu upp þínu sterkasta liði, þú gætir staðið
uppi sem sigurvegari leiktíðarinnar í vor.

STÓRGLÆSILEGIR VINNINGAR Í BÖÐI

★ SKRÁÐU ÞIG HÉR! ★



Ísland: land banka og lífeyrissjóða





Smelltu til að skoða svar
FME við fyrirspurn Félags
atvinnurekenda

Pegar skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis var birt í apríl 2010 sendu höfundar hennar skýr skilaboð um það sem væri að í íslensku atvinnulífi. Þar kom meðal annars fram að gagnsæi, góðir stjórnunarhættir og raunveruleg samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja væru þættir sem var verulega ábótavant fyrir hrun. Viðskiptaráð, hagsmunasamtök þess atvinnulífs sem verið var að gagnrýna hvað harðast, tók meira að segja undir þessa niðurstöðu. Og allir lofuðu bót og betrun.

Lítið virðist hafa orðið um efndir á þeim loforðum.

Týndur áratugur fram undan

Samkeppniseftirlitið kynnti fyrr í þessum mánuði þriðju skýrslu sína um samkeppnisaðstæður á Íslandi eftir hrun. Þar var enn og aftur farið yfir hvernig endurskipulagning atvinnulífsins hefur farið fram og hvort árangur hennar sé viðunandi.

Niðurstöður Samkeppniseftirlitsins benda til að svo sé alls ekki. Á mannamáli má skilja þær þannig að atvinnulífið hafi verið endurskipulagt með hagsmuni fjármála-fyrirtækja, aðallega banka, að leiðarljósi. Fyrirtæki séu sett allt of skuldbætt úr endurskipulagningu. Það dragi úr hvata þeirra til að vaxa og skili þeim líklega aftur inn í þvottavél bankanna. Arðsemi og framleiðni í atvinnulífinu sé lág, aðgangshindranir fyrir nýja aðila, innlenda sem erlenda, sem vilji inn á markaði séu miklar, enda séu fyrirliggjandi fyrirtæki vernduð af fjármála-fyrirtækjunum sem annaðhvort eigi þau eða skuldir þeirra. Allt þetta muni leiða til lakari lífskjara. Skýrsla eftirlitsins ber enda nafnið „Er týndi áratugurinn framundan?“.

Óskýrt eignarhald áhyggjuefni

Stór hluti af skýrslu Samkeppniseftirlitsins fer í að útlista áhyggjur þess af óskýru eignarhaldi á íslenskum fyrirtækjum. Á einum stað segir orðrétt: „eignarhald á fyrirtækjum er að miklu leyti í höndum fagfjárfesta og banka“. Fagfjárfestarnir sem þarna er talað um eru að langstærstu leyti lífeyrissjóðir.





Smelltu til að skoða skýrslu Samkeppniseftirlitsins „Er týndi áratugurinn framundan?“

Stjórnendur 120 stærstu fyrirtækja á Íslandi hafa verið spurðir að því reglulega undanfarin ár hvort þeir telji dulin yfirráð fjármálfyrirtækja (aðallega banka en líka sparisjóða, verðbréfafyrirtækja eða annarra sem sýsla með fjármála-afurðir) vera almenn í atvinnulífinu. Í fyrra, þegar fjögur ár voru liðin frá hruni, svöruðu níu af hverjum tíu sem spurðir voru spurningunni játandi. Í ár fækkaði þeim lítillega. Nú telja átta af hverjum tíu að bankarnir ráði í raun atvinnulífinu. Þær niðurstöður eru sláandi og sýna hversu lítill árangur hefur náðst á fimm árum.

Hlutfall formlegs eignarhalds banka og skilanefnda á fyrirtækjum hefur vissulega lækkað skarpt á undanförunum árum en það er samt sem áður enn mjög hátt. Bankar eiga níu prósent af hlutafé 120 stærstu fyrirtækja landsins og skilanefndir fimm prósent.

Í skoðun Samkeppniseftirlitsins á ráðandi stöðu banka í stærri fyrirtækjum, en með því er átt við beint eignarhald að viðbættum fyrirtækjum sem eru með neikvætt virði hlutafjár, versnar þessi staða enn. Bankar ráða yfir 25 prósentum 120 stærstu fyrirtækja landsins samkvæmt niðurstöðu eftirlitsins. Þegar einvörðungu er horft til innlands þjónustugeira eru tögl og haldir banka enn meiri. Þeir ráða yfir 39 prósent fyrirtækja innan hans.



FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI Hafa Tekið Yfir 213 Fyrirtæki

Lögum um tímundið eignarhald banka á fyrirtækjum í óskyldum rekstri var breytt árið 2010 til að koma til móts við það gríðarlega verkefni sem þeir stöðu frammi fyrir eftir hrunið. Löggjafinn var með því að sýna þeim aðstæðum skilning að bankarnir þyrftu að taka tímabundið yfir alls kyns fyrirtæki. Eftir bankahrunið voru enda tvö af hverjum þremur fyrirtækjum í landinu undir beinum eða óbeinum yfirráðum banka vegna skuldastöðu sinnar. Sú leið sem ríkisstjórn landsins valdi í endurskipulagningu á þessari súpú var að láta bankana sjá um hana. Með því ýtti hún til hliðar samkeppnissjónarmiðum, og að hluta til sanngirnissjónarmiðum, með það fyrir augum að halda uppi hagvexti og atvinnustigi.

Þetta var sagt vera þjóðhagsleg afstaða. Ekki eru allir sammála um að svo hafi verið.

Samkvæmt lagabreytingu máttu bankarnir halda á eignarhlutum í fyrirtækjum í tólf mánuði. Ef þeir voru ekki búnir að losa um eignarhlutina gátu bankarnir sótt um undanþágu til Fjármálaeftirlitsins og haldið á þeim lengur. Frá þeim tíma hafa bankarnir alls tekið yfir eignarhluti í 213 fyrirtækjum. Í mjög mörgum tilvikum hafa þeir óskað eftir að fá undanþágur til að halda á eignarhlutunum lengur en lög segja til um og nánast undantekningarlaust voru slíkar undanþágur veittar. Dæmi eru um að bankar hafi átt fyrirtæki fjórum sinnum lengur en lög kveða á um.



Smelltu til að skoða lélega
eftirfylgni með stefnumörkun
Samkeppniseftirlitsins

Hagsmunir banka í fyrirrúmi

Félag atvinnurekenda hefur líka haft miklar áhyggjur af þessari stöðu. Það sendi meðal annars inn formlega fyrirspurn til Fjármálaeftirlitsins í síðasta mánuði og óskaði eftir upplýsingum um eignarhald fjármálafyrirtækja í óskyldum rekstri. Í svari eftirlitsins, sem Kjarninn hefur undir höndum, kemur fram að 72 slík fyrirtæki séu enn í eigu banka. Af þeim hafa 68 fyrirtæki verið í eigu þeirra lengur en tólf mánuði, og eru þar með á undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu.

Rökstuðningur bankanna sjálfra fyrir beiðni um undanþágu, og Fjármálaeftirlitsins fyrir að veita hana, er ekki birtur opinberlega. Raunar eru engar upplýsingar um lengd undanþága né neitt annað sem að þeim snýr birtar opinbera til að verja hagsmuni bankanna. Fjármálaeftirlitið segist gera þetta á grunni breytinga sem gerðar voru á lögum þar sem meirihluti viðskiptanefndar Alþingis rökstuddi breytingar með eftirfarandi orðum:

„Með því að setja inn ákveðin takmörk á því hversu lengi fjármálafyrirtæki verði heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem starfsleyfi nær til getur verið hætta á að verðmæti eignar rýrni. Tímamarkið eykur líkur á að fjárfestar bíði eftir síðasta söludegi eignar til að fá hana á sem lægstu verði.“

Með þessari ákvörðun er viðskiptanefnd Alþingis að vernda fjárhagslega hagsmuni fjármálastofnanna og skerða gagnsæi í íslensku atvinnulífi.

GETA ÁTT Í TVEIMUR EÐA FLEIRI KEPPINAUTUM Á SAMA MARKAÐI

Samkeppniseftirlitið hefur líka miklar áhyggjur af sameiginlegu eignarhaldi fagfjárfesta á borð við lífeyrissjóðina í tveimur eða fleirum keppinautum á sama markaði. Slíkt eignarhald er oft í gegnum svokallaða framtakssjóði, sem stýrt er af sjóðsstýringafyrirtækjum í eigu banka. Eignarhald á slíkum sjóðum er ekki opinbert.

Skýr dæmi um slíkt eru tvær stærstu fyrirtækja-samsteypur landsins, Hagar og Kaupás. Lífeyrissjóðir eru ráðandi eigendur í Högum og standa nú ásamt öðrum fagfjárfestum að kaupum á Kaupási. Hagar eiga meðal annars Bónus og Hagkaup og Kaupás á Krónuna og Nótatún.

Lífeyrissjóðirnir orðnir allt of fyrirferðarmiklir

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins er líka staðfest sú tilfinning sem margir hafa; íslenskir lífeyrissjóðir eru orðnir óþægilega stórir eigendur í íslensku atvinnulífi. Beina eignaraðild sjóðanna er hægt að sjá í opinberum skjölum. Óbein eign þeirra, sem er til að mynda í gegnum alls kyns fjárfestingar- eða skuldabréfasjóði sem reknir eru af eignarstýringar-fyrirtækjum banka eða öðrum fjármálafyrirtækjum, eru ógagnsærri. Á hluthafalistum stórra íslenskra fyrirtækja eru sjóðir í eigu fyrirtækja eins og Stefnis (sem Arion banki á), Landsbréfa (sem Landsbankinn á), Íslandssjóða (í eigu Íslandsbanka), Júpiter, Auðar Capital, MP Banka og ýmissa annarra safnreikninga á meðal 20 stærstu hluthafa flestra skráðra fyrirtækja.

Í viðtali við Kjarnann í dag, sem birt er annars staðar í þessari útgáfu, segir Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs, að lífeyrissjóðir eigi allt að helming skráðra hlutabréfa á Íslandi, bæði beint og óbeint í gegnum hlutdeildareign í sjóðum. Þegar mið er tekið af því að lífeyrissjóðir þurfa að fjárfesta um 120-130 milljarða króna af nýju fé á ári, og ekki er fyrirsjáanlegt að þeir fái að komast til útlanda með það fé á næstu árum vegna fjármagnshafna, virðist einboðið að þetta hlutfall eigi eftir að hækka. Eitthvað þurfa sjóðirnir að kaupa til að uppfylla lögbundna ávöxtun- arkröfu upp á 3,5 prósent, verðtryggt. Ljóst er að lífeyris

sjóðirnir verða innan skamms komnir langleiðina upp að því þaki sem lög setja þeim í fjárfestingum í skulda- og hlutabréfum. Löggjafinn hefur þegar sýnt viðleitni til að bregðast við þeirri stöðu með því að hækka einfaldlega þakið.

Völdin aukast dag frá degi

Samhliða hefur ekki farið fram nein vinna við að breyta því hvernig lífeyrissjóðir velja stjórnarmenn né hvernig þeir skipa fulltrúa í stjórnir þeirra fyrirtækja sem sjóðirnir eru stórir eigendur að. Eins og staðan er í dag eru fyrirferðarmiklir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum, ásamt helstu stjórnendum stærstu bankanna, þeir sem ráða íslensku atvinnulífi. Og völd þeirra aukast dag frá degi.





Fer Óskarinn út í geim árið 2014?

KVIKMYNDIR
Erlingur Grétar
Einarsson

Pað er kominn miður október, sem þýðir aðeins eitt fyrir okkur kvikmyndanerðina: Aðeins fjórir og hálfur mánuður í Óskarinn! Þær myndir sem ætla sér stóra hluti í verðlaunakapphlaupinu um og eftir áramót koma nú hver á eftir annarri og því er ekki seinna vænna að koma með fljótfærnislega spádóma um hvað mun gerast aðfaranótt 3. mars 2014 í uppstríluðu Dolby-leikhúsinu í Los Angeles.

Það gæti nefnilega verið að sigurvegarinn sé þegar kominn fram.

Dramatíski spennutryllirinn Gravity, í leikstjórn meistara Alfonso Cuarón, skartar George Clooney og Söndru Bullock í

aðalhlutverkunum og hefur hlotið því sem næst einróma lof gagnrýnenda og áhorfenda. Þegar er byrjað að tala um myndina sem líklegan Óskarskandídat í öllum helstu flokkunum, og ólíkt því þegar Pocahontas in Space (einnig þekkt sem Avatar) vakti svipað umtal fer nánast ekkert fyrir niðurrifrsróddum í því umtali.

Yrði fyrsta geimmyndin sem hirti styttuna

Það sem myndi gera sigur Gravity einstakan í sögunni er að hún gerist að nánast öllu leyti úti í geimnum. Aldrei í sögunni hefur mynd sem gerist annars staðar en á jörðinni unnið Óskarinn sem besta mynd (þótt hægt sé að færa afar sannfærandi rök fyrir því að heimur Gladiator sé úr hliðstæðri vídd sem eigi aðeins yfirborðskennend líkindi með jörðinni, en það er önnur saga).

En hverjir eiga stærstu möguleikana á að eyðileggja partíið hjá Cuáron og félögum á Óskarnum?

Sú mynd sem flestir telja líklegasta til árangurs, utan Gravity, er nýjasta mynd leikstjórans Steve McQueen, 12 Years a Slave, en hún passar einnig inn í mynstur undanfarinna ára, þar sem jarðbundin dramatik keppir við þrívíddarsjónarspil um Óskar frænda (Argo – Life of Pi, The Artist – Hugo og The Hurt Locker – Avatar). Hingað til hafa „sögulegu“ myndirnar haft vinninginn í hvert sinn, og svo gæti Akadémían ákveðið að „bæta“ McQueen upp fyrir að hafa ekki tilnefnt Shame til einna einustu verðlauna fyrir tveimur árum, með því að færa honum styttuna í ár.

Óútkomnar taldar eiga möguleika

Aðrar myndir sem eru taldar eiga mesta möguleika á tilnefningu eru hinar óútkomnu Saving Mr. Banks, American Hustle og The Monuments Men – en sú síðastnefnda er einmitt í leikstjórn áðurnefnds George Clooney – auk Captain Phillips, The Butler, Blue Jasmine og Coen-myndarinnar Inside Llewyn Davis. Svo hafa Nebraska frá Alexander Payne og Scorsese-myndin The Wolf of Wall Street verið nefndar, en sú síðarnefnda gæti reyndar enn tafist fram á næsta ár, sem myndi þýða að hún yrði ekki gjaldgeng fyrr en að ári.





Það má einnig ganga að því vísu, komi ekki eitthvað mikið upp á, að Cuarón og McQueen berjast einnig um leikstjóra-verðlaunin, þótt Coen-bræður, David O’Russell (American Hustle), Paul Greengrass (Captain Phillips), Martin Scorsese og títtnefndur Clooney eigi séns á að komast fram fyrir í röðinni á næstu fjórum mánuðum.

Jóhann Jóhannsson nefndur sem verðlaunahafi

Eitt enn er ólíkt með Gravity og Avatar, en það er að Sandra Bullock er talin nánast örugg með tilnefningu fyrir leikframmistöðu sína, og það á sama ári og eftirfarandi leikkonur sýna allar stórleik (þið sem eruð að lesa þetta upphátt fyrir vini/foreldra/starfsfélaga/gæludýr ykkar, andið djúpt núna): Meryl Streep (August: Osage County), Judi Dench (Philomena), Cate Blanchett (Blue Jasmine), Emma Thompson (Saving Mr. Banks), Julie Delpy (Before Midnight), Amy Adams (American Hustle),




Greta Gerwig (Frances Ha), Kate Winslet (Labor Day), Berenice Bejo (The Past) og Brie Larson (Short Term 12).

Svo má bara gefa Gravity öll tækniverðlaunin núna strax.

Af öðrum flokkum má helst nefna tónlistina, þar sem Jóhann nokkur Jóhannsson hefur verið nefndur af nokkrum sérfræðingum sem mögulegur kandídat upp á tilnefningu fyrir tónlist sína í Prisoners, en það þarf mikið að gerast til að hann sigri Steven Price (Gravity), Hans Zimmer (12 Years a Slave, Man of Steel eða Rush, þið megið velja) eða Randy Newman (Monsters University). Svo sýnir Daniel Brühl snilldartakta sem Niki Lauda í Rush, og kæmi ekki á óvart að sjá hann næla sér í tilnefningu sem besti aukaleikari við hliðina á Michael Fassbender (12 Years a Slave), Bradley Cooper (American Hustle) og Tom Hanks (Saving Mr. Banks). Hanks gæti svo nælt sér í tvöfalda tilnefningu, því hann er víst meira en lítið góður í aðal- og titilhlutverkinu í Captain Phillips.

Hinn 6. mars getum við svo haldið áfram að kvarta yfir því að það séu engar góðar myndir framleiddar lengur.





FRAMTÍÐIN Í UPPLÝSINGATÆKNI FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

FAGRÁÐSTEFNA Í HÖRPU

Þriðjudaginn 22. október kl. 13:00 til 16:30

RB hefur sett saman gífurlega áhugaverða og spennandi ráðstefnu um það hvernig upplýsingatækni mun umbreyta tækniuppbyggingu fjármálaeigra og þau hagræðingar-tækifæri sem í henni felast. Þá verður fjallað um nýsköpun og hvernig hugmyndir komast í framkvæmd og verða að veruleika.

Fyrirlesarar ráðstefnunnar eru:



Frans Johansson
forstjóri
The Medici Group,
þekktur rithöfundur,
frumkvöðull
og fyrirlesari



Lene Weldum
CTO
hjá BankData



Steinþór Pálsson
bankastjóri
Landsbankans



Þorsteinn Björnsson
framkvæmdastjóri
Viðskiptaþróunar
og ráðgjafar hjá RB



Friðrik Þór Snorrason
forstjóri RB



Ráðstefnustjóri
Sigríður Olgeirsdóttir
framkvæmdastjóri
Rekstrar- og
upplýsingatæknisviðs
Íslandsbanka

The Click Moment: Seizing Opportunity in an Unpredictable World

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar, **Frans Johansson**, er heimsþekktur rithöfundur, frumkvöðull og fyrirlesari.

Hann er höfundur metsölibókanna **The Medici Effect (2006)** og **The Click Moment (2012)**.

Bækurnar fjalla um hvernig góðar hugmyndir verða að veruleika og hvernig hægt er að virkja mikilvæg augnablik til árangurs.

Skráning og nánari upplýsingar á www.rb.is



REIKNISTOFA
BANKANNA

Hinar dásamlegu íslensku öfgar

Fyrri hálfleikur í atlögu Íslands að sæti á heimsmeistaramóti

Fyrrir rúmum mánuði báru íslenskir knattspyrnu-áhugamenn veika von í brjósti um að eitthvað ótrúlegt væri að fara að gerast. Að íslenska karla-landsliðið ætti möguleika á því, fyrst ríkja með undir milljón íbúa, að komast á heimsmeistaramót (Trínidad og Tóbagó er minnsta þjóð sem hefur komist á heimsmeistaramót, en þar búa 1,3 milljónir manna). Og það í gegnum Evrópuríðil, sem eru langerfiðastir allra undanriðla. Möguleikarnir voru nánast áþreifanlegir. Það eina sem stóð í vegi fyrir farmiðanum til Brasilíu var fjórir knattspyrnu-leikir, sem voru reyndar 40 prósent allra leikja sem liðið lék í E-riðli undankeppninnar.

Myrkrið svart

Þegar klukkan sló 19.40 föstudaginn 6. september virtist allt búið. Íslenska liðið var 4-1 undir á móti gríðarsterkum Svisslendingum, sem höfðu einungis fengið á sig eitt mark í riðlinum, og rúmur hálf tími eftir. Þetta virtist dauðadæmt og landsmenn, límdir við sjónvarpsskjáina, fóru að leita að sökudólgum. Hvernig mátti það vera að Helgi Valur Daniéls-son hefði byrjað leikinn? Hverjum datt í hug að vörn með leikmenn sem spiluðu í neðstu deild í Englandi í fyrra og tvo bakverði sem eru ekki bakverðir gæti skilað Íslandi einhverju? Af hverju spilaði Gylfi ekki á miðjunni? Af hverju eiga Íslendingar ekki góða markverði? Og svo framvegis.

Nokkrum mínútum síðar breyttist allt. Kolbeinn Sigþórsson tróð sér í færi af miklu harðfylgi og minnkaði muninn. Eftir nokkrar dramatískar sekúndur, þar sem þjóðin reyndi að átta sig á því hvort Kolbeinn hefði gerst brotlegur, varð ljóst að mögulega væri eitthvað stórfenglegt að fara að gerast. Ellefu mínútum síðar skoruðu Íslendingar aftur og allir sem á horfðu voru búnir að gleyma frammistöðu Helga Vals í fyrri hálfleiknum. Þegar Jóhann Berg Guðmundsson skoraði markið ótrúlega sem tryggði jafntefli í uppbótartíma var ljóst að ekki yrði aftur snúið. Á hálf tíma var búið að snúa heilli þjóð frá því að vera brjáluð yfir getuleysi landsliðs yfir í að vera heltekin af gæðum þess.



Smelltu til að sjá
stemninguna á
Ísland - Kýpur

Sjálfsstraustið úr svissnesku dramatikinni fylgdi liðinu inn í leikinn á móti Albaníu, sem er líklega einn besti leikur sem íslenskt karlalandslið hefur leikið. Liðið var meira með boltann en það er vanalega í leikjum gegn knattspyrnulegum dvergliðum á borð við San Marínó eða Liechtenstein. Frá þeim degi, 10. september, hefur annar hver maður verið að hugsa um hvernig hann eigi að útskýra fyrir fjölskyldunni sinni að hann hreinlega „þurfi“ að eyða mánuði í Brasilíu að horfa á fótbolta næsta sumar.

Þjóð komin fram úr sér

Það er mjög íslenskt að fara fram úr sér. Það hefur margoft sýnt sig að ofurtrúin sem er oft okkar helsti kostur getur líka verið okkar sárasti löstur og skilið þjóðina eftir í brunarústum. Það er þó betra þegar hún er yfirfærð á stuðning við knattspyrnulið í stað þess að vera hengd á trú á einhvers konar náttúrulega viðskiptalega snilligáfu.

Fyrir leikinn gegn Kýpur á Laugardalsvelli síðastliðinn föstudag var ljóst að íslenska þjóðin var komin vel fram úr sér. Rætt var um það sem formsatriði að vinna Kýpverja. Í þeirri umræðu var algjörlega litið framhjá því að Kýpur

hafði fram að leiknum unnið einn sigur í riðlakeppninni, gegn Íslendingum. Hitt stigið sem Kýpur hafði náð í var gegn toppliði Sviss. Íslendingar höfðu auk þess einungis einu sinni unnið Kýpur í keppnislandsleik áður, 1-0 í september 2011. Kýpverjar höfðu unnið einn leik og einum hafði lokið með jafntefli. Líkurnar voru því ekki í neinum takti við væntingarnar.

Uppselt varð á leikinn á örfáum dögum. Fyrirtæki leigðu sali undir upphitun fyrir starfsmenn og viðskiptavini sína víða í námunda við Laugardalsvöll á leikdeginum. Laugardalshöllinni var breytt í sportbar til að gefa almúganum tækifæri til að væta kverkarnar líka. Í fyrsta sinn var „útlensk“ stemning þegar áhorfendur sem safnast höfðu saman til drykkju, skrafs og ráðagerða hópuðust niður stíga Laugardalsins sem liggja að Laugardalsvelli um hálfjöldeytið.

Þegar dómari leiksins flautaði til leiks var spennan áþreifanleg. Tæplega tíu þúsund Íslendingar í illa skjólheldum stúkum þjóðarleikvangsins leyfðu hvössum og köldum vindinum að nísta sig inn að beini á meðan þeir stóðu upp fyrir íslenska landsliðinu og kyruðu á boltann að fara í mark andstæðinganna. Það voru meira að segja gerðar vanmáttugar tilraunir til að framkvæma bylgyr. Allir voru af vilja gerðir og allir voru á sömu blaðsíðu.

Verkleg frammistaða

Íslenska liðið lék að mörgu leyti vel. Vörnin var afbragð, eins einkennilega og það hljómar miðað við fyrri leiki. Kýpverjar voru aldrei líklegir til neinna afreka. En það tók stórskotaliðið í sókninni klukkutíma að brjóta niður ólseiga Kýpverja með hnoðmarki. Annað álíka ljótt mark fylgdi korteri síðar og sigrinum var siglt fagmannlega í höfn án flugeldasýninga. Leikmenn sem nokkrum vikum áður voru nánast fyrirlitnir fyrir að vera ekki íslenska landsliðinu samboðnir gátu nú ekki lengur gengið niður götu í Reykjavík án þess að vera valdfaðmaðir og jafnvel kysstir af ókunnugum löndum sínum sem réðu sér illa fyrir kæti.

Norðmenn töpuðu sínum leik og því var ljóst að þeir



Töframaður?

Lars Lagerbäck hefur leitt íslenska karlalandsliðið lengra en það hefur áður komist í fótbolta. Netheimar kalla eftir Fálkaorðu handa sænska rólyndismanninum.

ættu enga möguleika á að komast áfram þrátt fyrir sigur á Íslendingum í síðasta leiknum. Umræðuefnin á íslenskum kaffistofum skorti þó ekki. Hvernig væri best að bóka sólarhringsferð til Óslóar til að sleppa við rándýra norska hótलगistingu? Væri hægt að ná rútu til Svíþjóðar eftir leik til að gista þar hjá vinafólki? Hvað kostar bjór eiginlega í Ósló (meðalverð er um 1.500 íslenskar krónur fyrir kollu)? Munu Sviss taka leikinn á móti Slóvenum alvarlega þrátt fyrir að hafa þegar tryggt sig áfram? Munu Norðmenn fá aukinn kraft út úr því að geta stöðvað drauminn okkar? Hverjum mætum við næst ef okkur tekst að halda í annað sætið?

Þessum spurningum var auðvitað ekki hægt að svara fyrr en eftir seinni hálfleikinn í þessari októberleikjarimmu. Og um hann er hægt að lesa á næstu síðu.



20 Ísland á HM 14

90:00

Von kviknaði á líf- lausum leikvangi

Seinni hálfleikur í atlögu Íslands að sæti á heimsmeistaramóti



Það fannst langar leiðir hvað Norðmenn voru lítið spenntir fyrir leiknum við Íslendinga á þriðjudagskvöldið, enda möguleikar þeirra á að komast í sólina í Brasilíu næsta sumar fognir út í veður og vind. Sjaldan eða aldrei hefur verið jafn hljótt við þjóðarleikvang Norðmanna í aðdraganda knattspyrnuleiks landsliðsins. Svo lítill var áhugi heimamanna meira að segja á leiknum að hann var sýndur á hliðar-rás norska ríkissjónvarpsins.

Blái liturinn áberandi

Einn og einn Norðmaðurinn gekk með veggjum Ullevål, á meðan bláklæddir Íslendingar sungu glaðir og reifir við eitt af hornum leikvangsins, þar sem hafði verið ákveðið að smala þeim saman.

Blái liturinn var áberandi, sem og hneykslan Íslendinga á verði á einu bjórglasi. Mörg voru nú samt keypt. Þótt hópurinn hafi verið bjartsýnn mátti sömuleiðis greina áþreifanlega spennu í loftinu, áhyggjur jafnvel, því mikið var í húfi. Staðan var einföld; til að tryggja sér sæti í umspili fyrir HM í Brasilíu næsta sumar þurfti íslenska landsliðið að forðast að gera verr en Slóvenar, sem spiluðu við ógnarsterka Svisslendinga á sama tíma á útivelli.

Ísland átti Ullevål

Hátt í tvö þúsund Íslendingar áttu þjóðarleikvang Norðmanna með húð og hári. Stemningin var mikil á annars líflausum leikvanginum. Þeir hylltu liðið þegar gengið var út á völlinn og íslenski þjóðsöngurinn ómaði þegar hópurinn tók undir. En þegar flautað var til leiks voru taugarnar þandar.

Liðið virkaði taugaóstyrkt fyrstu mínúturnar, enda mikið undir. Liðið vann sig statt og stöðugt inn í leikinn og óx ásmegin en á tólftu mínútu ætlaði hreinlega allt um koll að keyra þegar Kolbeinn Sigbórsson skoraði þrettánda mark sitt í nítján leikjum.

Það er ekki laust við að furðu hafi mátt lesa úr andlitum íslensku stuðningsmannanna. „Er landsliðið okkar í



Aðeins í iPad!



Smelltu til að horfa á landsliðsmennina klára leikinn gegn Noregi og fagna svo endalast þegar þeir átta sig á að umspilssætið er þeirra

alvörunni svona gott? Erum við í alvörunni að fara í umspil um sæti á HM í Brasilíu? Er þetta í alvörunni að gerast?“

Beðið eftir stimplun

Norðmenn jöfnuðu metin á þrítugustu mínútu þegar Daniel Braaten skoraði af harðfylgi. Þögn sló á íslenska stuðningsmannahópinum á meðan fámennur hópur Norðmanna fagnaði. Nú beindust sjónir að leik Svisslendinga og Slóvena. Þar var enn allt með kyrrum kjörum, steindautt 0-0, sem þýddi að jafntefli gegn frændum vorum myndi enn duga.

Síðari hálfleikurinn einkenndist af taugatitringi. Liðið og áhangendur vissu að Slóvenum dugði eitt mark til að skilja Ísland eftir í riðlinum með Noregi. Um miðjan seinni hálfleik brutust svo út mikil fagnaðarlæti þegar fregnir bárust frá Sviss um að heimamenn væru komnir yfir á móti Slóvenum. Með því kæmist Ísland í fyrsta skipti í umspil um sæti á lokamóti í knattspyrnu.

Þegar flautað var til leiksloka fögnuðu íslensku stuðningsmennirnir árangri landsliðsins, en leikmennirnir sátu á sér og biðu eftir að heyra staðfest úrslit frá Sviss. Eftir að þau höfðu verið stimpluð var fögnuður landsliðsins einlægur.

Andlát norska fótboltans

Það var líkt og norsku stuðningsmennirnir hefðu verið fluttir á brott með þyrlu allir með tölu í snarhasti, því þeir hurfu eins og dögð fyrir sólu nánast um leið og lokaflaut dómarans gall.

Úrslitunum í gær og stöðu norska landsliðsins í riðlinum fyrir HM hefur verið lýst sem andláti norska fótboltans. Það var brúnaþungur Per-Mathias Högmo, landsliðsþjálfari Nor-egs, sem sat fyrir svörum hjá grimmum blaðamönnum enda uppskeran rýr, eitt stig í tveimur leikjum síðan hann tók við liðinu af Agli „Drillo“ Olsen.

Það var léttara yfir Lars Lagerbäck og Heimi Hallgrímssyni sem fylgdu í kjölfarið, enda árangur landsliðsins sögulegur. Þær gættu sín þó á því að strá ekki salti í sár Norðmanna og héldu ró sinni enda langt í land, en drátturinn í umspilinu verður í Zürich á mánudaginn. Mótherjar Íslendinga verða Portúgalar, Króatar, Úkraínumenn eða Grikkir. Komi þeir fagnandi.

Sjúkdóma- trygging

sem hægt er
að endurvekja



NÝJUNG Á ÍSLANDI

OKKAR Sjúkdómatrygging XL er nýjung hér á landi.

Trygginguna er hægt að endurvekja eftir að bætur hafa verið greiddar úr henni og þannig geta viðskiptavinir OKKAR tryggt sig aftur gegn sjúkdómum sem kunna að knýja dyra síðar meir.

▶ **Smelltu hér**

og kynntu þér málið
á www.okkar.is
eða hringdu í síma
540 1400

www.okkar.is

okkar

- til öryggis síðan 1966

Vilt þú auglýsa í Kjarnanum?

Smelltu hér til að senda
auglýsingafyrirspurn
til Kjarnans



Erlent á Airwaves

Nú styttest óðum í stærstu tónlistarveislu Íslendinga – Airwaves.

TÓNLIST

Hildur Maral
Hamíðsdóttir



Smelltu til að heimsækja
vefsíðu hátíðarinnar

Hátíðin í ár fer fram víðs vegar um miðbæinn dagana 30. október til 3. nóvember og því er ekki seinna vænna fyrir áhugasama að kynna sér þær erlendu sveitir sem þykja líklegar til að töfra tónleikagesti upp úr sveittum skónum. eru lesendur hvattir til að fjölmenna á tónleika með hljómshveitum sem þeir þekkja ekki og kynnast þannig nýrri snilld. Einnig er þeim sem misstu af miðakaupum sérstaklega bent á hið gríðarlega magn (600+) [‘off-venue’ viðburða](#) sem eru ókeypis og öllum opnir. Hér má finna (engan veginn tæmandi) lista yfir nokkrar af áhugaverðari erlendu hljómshveitum þessa árs ásamt tóndæmum. Góða skemmtun!



Smelltu til að
hlusta á Önnu von
Hauswolff

Anna von Hauswolff

Hin sænska Anna á ekki langt að sækja tónlistarhæfileikana en hún er dóttir hins virta listamanns Carl Michael von Hauswolff. Hún steig fyrst almennilega fram á sjónarsviðið á heimsvísu með plötunni Ceremony fyrr á þessu ári. Platan var reyndar aðgengileg á sumum svæðum árið 2012 og tróndi til að mynda á topplista íslensku tónlistarveitunnar gogoyoko það ár. Tónlistinni hefur verið lýst sem 'jarðarfara-popptónlist' og passar sú lýsing ágætlega, en yfir melódískum laga-smíðum svífur nefnilega einhver drungi sem veitir tónlistinni afar ferskan blæ. Með Önnu á sviði er þrusu hljómsveit sem ljáir henni aukinn kraft og er auðvelt að lofa magnaðri tónleikaupplifun.





Smelltu til að
hlusta á Fucked Up



Fucked Up

Sviti, kraftur, öskur, hopp, sviðsdýfur, úr að ofan. Margir Íslendingar hafa beðið spenntir eftir að kanadísku pönkararnir í Fucked Up sæktu landið heim og nú gefst loks kostur á að berja herlegheitin augum. Fucked Up hefur verið að um langt skeið og nær með nýrra efni sínu að víkka út hlustendahóp sinn enda um afar aðgengilegar og grípandi lagasmíðar að ræða. Mjög kraftmikil sviðsveit sem óhætt er að mæla með.



Smelltu til að
hlusta á
Mac DeMarco



Mac DeMarco

Það er hægt að segja margt um grallarann Mac DeMarco og þá sérstaklega sviðsframkomu hans. Ýmis ólæti hafa átt sér stað á tónleikum með kappanum og ekki úr vegi að kanna hvort hann ákveði að sprella eitthvað í Íslendingum eins og venjan er. Burtséð frá því er Mac á hraðri uppleið í tónlistarheiminum – eðal lagasmíður sem tekur sjálfan sig ekki of hátíðlega.





Smelltu til að
hlusta á
Yo La Tengo



Yo La Tengo

Yo La Tengo er ein áhrifamesta indíroksveit síðari ára og eru það í raun mikil forréttindi að fá sveitina hingað til lands. Hljómsveitin hefur gefið út fjölmargar frábærar plötur en sú nýjasta – Fade – kom út í janúar á þessu ári og hefur hlotið feikigóða dóma og viðtökur. Skyldumæting er því fyrir sanna tónlistarunnendur á tónleika sveitarinnar á Airwaves.



Mykki Blanco

Bandaríski rapparinn Michael Quattlebaum Jr. klæðir sig stundum í kvenmannsföt, skoppar upp á svið og kemur fram sem Mykki Blanco. Á tónleikum með Mykki Blanco er engin leið að vita við hverju má búast og hreinlega best að búast við öllu – og engu. Tónleikarnir snúast bæði um persónuna Mykki Blanco og tónlistina sjálfa en einnig getur verið forvitnilegt að skoða þá út frá sjónarhorni áhorfenda á tónlistargjöfningi. Eitt er víst, Mykki Blanco í reykyfylltum sal fullum af Íslendingum á eftir að verða eitthvað sérstakt.



Smelltu til að
hlusta á
Mykki Blanco





YouTube

Smelltu til að hlusta á Jon Hopkins

Jon Hopkins

Jon Hopkins er sennilega eitt heitasta nafnið í tónlistarbransanum í dag. Enda hlýtur að þurfa hæfileika og þor til að gefa frá sér gjörsamlega tvískipta plötu og fá frábærar viðtökur – hraða raftónlist fyrri part og rólegar nýklassískar rafsmíðar seinni part – sem er nákvæmlega það sem hann gerði og gerði vel. Plata hans Immunity er af mörgum talin ein af betri plötum ársins 2013 og verður spennandi að sjá hvernig hann kemur fram á tónleikum.



Omar Souleyman

Það hlýtur að teljast merkilegt að eitt af áhugaverðari atriðum Airwaves þessa árs sé sýrlenskur tónlistarmaður á fimmtudagsaldri. Omar Souleyman gefur út plötuna Wenu Wenu hinn 22. október næstkomandi og verður því væntanlega í roknaformi á Airwaves. Platan er fyrsta plata Souleymans sem er að mestu leyti tekin upp í alvöru hljóðveri, er pródúseruð af raftónlistarmanninum Four Tet og það sem heyrst hefur lofar ansi góðu. Souleymans er heldur ekki ókunnur íslenskri tónlist – heyrið stórskemmtilega endurhljóðblöndun hans á Crystalline með Björk hér.

YouTube

Smelltu til að hlusta á Omar Souleyman



YouTube

Smelltu til að
hlusta á Kraftwerk

Kraftwerk

Kraftwerk þarf ekki að kynna. Þessir heiðursmenn og kyndilberar raftónlistar heimsóttu Ísland síðast árið 2004 og loka nú Airwaves-hátíðinni í ár með þrívíddartónleikum þar sem búast má við að öllu verði tjaldað til. Airwaves hefur undanfarin ár verið með tónleika í stærri sniðum á sunnudeginum, sem hefur heppnast afar vel – hefð sem er vonandi komin til að vera.



VÉLAVERKFRÆÐINGUR (MECHANICAL ENGINEER)

FLUOR

Fluor Ísland hefur það að markmiði að þróa langtímasamband við viðskiptavinina sína með það að leiðarljósi að bæta ferla, auka skilvirkni og hjálpa til við að bæta framleiðslugetu í verksmiðju Alcoa Fjarðaáls á Austurlandi.

Fluor Ísland vantar vanan vélaverkfræðing til starfa hjá fyrirtækinu sem staðsett er í Fjarðabyggð. Vélaverkfræðingur ber ábyrgð á þjónustubáttum Fluor sem lúta að vélfræðilegri virkni í framleiðslu Fjarðaáls. Hlutverk hans er að veita ráðgjöf gagnvart vélbúnaði, stýring innkaupa, val á birgjum vegna vélbúnaðar, uppsetning búnaðar og ráðgjöf er lýtur að viðhaldi og virkni. Umsóknarfrestur er til og með 24. október nk.

[Skoða starfið nánar](#)

UMHVERFISFULLTRÚI



HVERAGERÐISBÆR

Staða umhverfisfulltrúa Hveragerðisbæjar er laus til umsóknar. Umhverfisfulltrúi er einn af stjórnendum bæjarins og heyrir beint undir bæjarstjóra í skipuriti Hveragerðisbæjar.

Umhverfisfulltrúi ber ábyrgð á útliti og ásýnd bæjarins. Hlutverk hans er að veita faglega forystu á sínu sérsviði, hafa frumkvæði að úrbótum, nýjungum og þróun á sviði umhverfismála ásamt því að hvetja og efla samstarfsmenn sína til verka. Umsóknarfrestur er til og með 28. október nk.

[Skoða starfið nánar](#)

FRAMKVÆMDASTJÓRI



Íþróttafélagið Fylkir auglýsir starf framkvæmdastjóra laust til umsóknar. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og hefur eftirlitsskyldu með rekstri einstakra deilda innan félagsins.

Helstu verkefni framkvæmdastjóra eru ábyrgð á daglegum rekstri, fjármála- og starfsmannastjórnun, stefnumótun og áætlanagerð, uppbygging gagna- og heimildasafns félagsins, kynningamál og samskipti m.a. við hagsmunaaðila ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Umsóknarfrestur er til og með 23. október nk.

[Skoða starfið nánar](#)



Superkilen flæðir um umhverfi sitt

ARKITEKTÚR
Árný Þórarinsdóttir

Superkilen í Kaupmannahöfn er einstakur almenningsgarður sem flæðir í gegnum miðpunkt Nørrebro-hverfisins. Garðurinn eða svæðið er hannaður fyrir borgaryfirvöld í Kaupmannahöfn í samvinnu við RealDania og er 39 þúsund fermetra opið borgarrými. Hugmyndafræðin á bak við verkefnið er þróuð af Superflex í samvinnu við dönsku arkitektastofuna BIG og þýsku landslagsarkitektastofuna Topotek1. Svæðið, sem tekið var í notkun árið 2011, samanstendur af þremur hlutum sem allir hafa sitt einkennandi þema og kallast Rauða torgið, Svarti markaðurinn og Græni garðurinn.

Íbúar í Nørrebro-hverfinu koma frá allt að fimmtíu mismunandi löndum og var unnið út frá þeirri staðreynd við hönnun svæðisins. Íbúar voru beðnir um að tilnefna mismunandi hluti eða atriði sem eru einkennandi fyrir aðrar borgir og heimshluta. Þessir hlutir voru síðan þróaðir, byggðir upp eða fluttir á staðinn og nú má á svæðinu sjá sem dæmi hollenska hjólastanda, sand frá Palestínu, leikvelli sem er innblásnir af indverskri menningu og bekki frá Brasilíu. Myndirnar sem hér eru meðfylgjandi tala sínu máli um fjölbreytileikann og líflegheitin í almenningsgarðinum.



Vill að Grænland hljóti sjálfstæði

Kjarninn sat ráðstefnu um málefni norðurslóða í Hörpu



Gríðarlega fjölmenn ráðstefna um málefni norðurslóða fór fram í Hörpu helgina 12.–14. október. Verið var að skapa alþjóðlegan vettvang fyrir fólk úr ólíkum áttum að koma saman og ræða um norðurslóðamál og komu þarna saman um þúsund manns frá yfir fjörutíu ríkjum. Vísindamenn, embættismenn, umhverfissinnar, forstjórar stórfyrirtækja, stjórnámamenn, stúdentar og miklu fleiri aðilar víðs vegar að tóku virkan þátt. Blaðamaður Kjarnans ræddi við Aleqa Hammond, forsætisráðherra Grænlands, Kuupik Kleist, fyrrverandi forsætisráðherra Grænlands, og forseta Íslands, Ólaf Ragnar Grímsson, um sýn þeirra á samstarfið á norðurslóðum, stöðu vestnorræna samstarfsins og áhugaverð atriði sem komu fram á ráðstefnunni í Hörpu. Það má segja að þetta hafi verið sögulegur atburður þar sem skapaður var nýr lýðræðislegur vettvangur fyrir norðurslóðamál og lagður grunnur að auknum tengslum einstaklinga og ríkja á þessu sviði.

Grænland mikilvægt á norðurslóðum

Grænland hefur fengið aukið vægi í takt við þróunina á norðurslóðum. Alþjóðasamfélagið horfir meira en áður í átt til norðurs þar sem opnun siglingaleiða og ófundnar auðlindir gætu hugsanlega breytt heimsmyndinni á komandi árum. Ísland, Grænland og Færeyjar hafa átt í samstarfi í gegnum Vestnorræna ráðið frá árinu 1985 og í nóvember á þessu ári verður opnuð ræðisskrifstofa Íslands í Nuuk.

Aleqa Hammond sigraði í kosningunum í Grænlandi í vor. Hún segir vestnorrænt samstarf vera mjög mikilvægt. „Þetta eru okkar nánustu nágrannar og mikilvægt er að við séum sterk saman. Landfræðileg lega okkar er alltaf að verða mikilvægari; það skiptir miklu að við stöndum uppi sem sigurvegarar í þessum breytingum í heiminum og ég sé fyrir mér að vestnorræna samstarfið verði styrkt á öllum sviðum.“

Hammond segist hlakka til nánara samstarfs við Ísland en hún er, ásamt því að vera forsætisráðherra, utanríkisráðherra Grænlands. Hún hitti bæði utanríkisráðherra Íslands og forseta Íslands á sérstökum fundi um helgina þar sem

**Aleqa
Hammond**



Flutti opunarerindi

Aleqa Hammond, forsætisráðherra Grænlands, var ein þeirra sem fluttu opunarerindi ráðstefnunnar í Hörpu.

rætt var hvernig hægt væri að styrkja stöðu þessara ríkja saman. Ísland ætti að hagnast á samvinnu við Grænland og sömuleiðis ætti Grænland að hagnast á samvinnu við Ísland. Því þarf aukið samstarf á milli vestnorrænu ríkjanna að mati Alequ Hammond og einnig fleiri bindandi samninga. Þörf sé því á alvöru styrkingu í samstarfi á milli ríkjanna sem sést í reynd, fram undan séu afar spennandi tímar.

Þegar Hammond er spurð að því hvernig farið verði að því að styrkja samstarfið segir hún að í fyrsta lagi verði að styrkja allt sem viðkomi leit og björgun á svæðinu. Mun fleiri skemmtiferðaskip og fragtskip sigli á þessum slóðum en áður og því þurfi að huga að þessu auk þess sem þetta sé viðkvæmt umhverfissvæði. Í öðru lagi finnst henni mikilvægt að innviðir

þessara ríkja styrkist. Grænland getur að mörgu leyti horft til Íslands og því er mögulegt að finna flöt á nánara samstarfi á mörgum sviðum, má þar nefna með ferðamannaíðnaðinn, viðskipti og upplýsingar á öllum sviðum. Hammond segir að á Íslandi séu til dæmis góðir spítalar og hafi upp á að bjóða fleiri sérfræðinga í lækningum en Grænlandingar, en hún tekur þar dæmi um augnaðgerðir og hnéaðgerðir sem Grænlandingar verða að sækja til Danmerkur. Samstarf við Ísland á þessum sviðum myndi stytta ferðirnar um helming og verða helmingi ódýrari en þær nú eru. Þannig væri hægt að styrkja samstarfið á svið heilbrigðis og velferðar.

Sumir hræddir við yfirtöku Íslendinga

Landfræðileg staða ríkjanna er mikilvægari og þjónusta við námuvinnslu sem fylgir þessum breytingum á norðurslóðum gæti haft gríðarleg áhrif. Hún spáir því að meira verði um formlegri samninga á milli tveggja ríkja, miklu meira en áður. „Hlutirnir gerast hratt og við sem stjórnvöld verðum að



bregðast skjótar við,“ segir Hammond og talar um nýja vídd í samstarfinu.

Grænland var ekki reiðubúið að taka þátt í viðskipta-samningi á milli Íslands og Færeyja, svokölluðum Hoyvíkur-samningi, þegar hann var gerður árið 2005. „Í dag eru breyttir tímar á Grænlandi. Nú er kominn tími að senda samninginn aftur í umræðu og það verður gert í minni stjórnartíð,“ segir Hammond. Mikilvægt sé að heyra hvað Grænland segi um þetta og hún bendir á að fræða þurfi Grænlendinga betur um hvað þessi samningur snúist um. Að hennar sögn eru sumir hræddir um að Íslendingar vilji taka yfir allt á Grænlandi og því þurfi að fara fram umræða um Hoyvíkursamninginn. Það sé einnig möguleiki að taka aðeins upp hluta af honum. Þetta verði gert í bráð, í síðasta lagi í byrjun næsta árs.

Vill sjálfstæði Grænlands

Aleqa Hammond reynir ekki að fela þá skoðun sína að hún vilji að Grænland hljóti sjálfstæði á hennar æviskeiði. „Sem stoltur Grænlendingur og Inúíti sem ólst upp undir dönskum áhrifum og stjórnmalamaður sem vill sjálfstæði landsins get ég ekki ímyndað mér að upplifa betri dag en þegar fáni okkar verður dreginn að húni, þjóðsöngur okkar sunginn og heimurinn viðurkennir okkur sem sjálfstætt ríki. Þetta vil ég upplifa, ég vil ekki deyja áður en þetta gerist. Með þennan innblástur í huga og hjarta mun ég gera mitt besta til að tryggja það að við förum í rétta átt að efnahagslegu sjálfstæði en það krefst þess einnig að vera sterkur og geta tekið ákvarðanir sem ekki eru alltaf vinsælar. Það er ekki tími fyrir óbreytt ástand.“ Hún segist ætla í stjórn sinni að taka skrefið í átt að sjálfstæði og það séu forrættindi að vera hluti af þessari þróun.

Nær allar vörur innfluttar

„Samstarfið á milli Íslands og Grænlands gengur vel. Enn er til staðar ágreiningur þegar kemur að fiskveiðisvæðum og ábyrgri fiskveiðistjórnun en við höfum samt samvinnu um það. Samvinnan gengur hægt hvað varðar viðskipti. Við



Kuupik Kleist

Paulreyndur

Kuupik Kleist er fyrrverandi forsætisráðherra Grænlands og hefur komið að norðurslóðamálum í tugi ára. Hann situr í stjórn Arctic Circle – Hringborðs norðurslóða – ásamt forseta Íslands og fleira fólki.

höfum reynt það í lengri tíma en það sem hefur meðal annars hamlað nánari samvinnu á því sviði er hefðir og tollakerfið, auk þess sem grænlenksi markaðurinn er takmarkaður. Íslensk fyrirtæki eru þó að vinna í Grænlandi við byggingu mannvirkja og vatnsaflsvirkjana, sem er jákvætt,“ segir Kuupik Kleist.

„Við erum næstu nágrannar Íslands og við höfum ekki enn nýtt öll möguleg tækifæri til samstarfs. Þar á meðal eru viðskipti. Grænland flytur inn nær 90 prósent af öllum vörum frá Evrópu. Þar má telja mjólk, mat, föt og nánast allt. Ísland er dýrt en ef samkomulag næst gæti það verið afar jákvætt fyrir bæði löndin. Sama má segja þegar kemur að norðurslóðamálum. Við erum orðin miðdepill.“ Kleist vill sjá miklu meira vísindasamstarf á milli landanna tveggja. „Við þurfum enn sterkara samstarf á þessum sviðum. Hvernig spá til dæmis vísindamenn framtíðinni og þróuninni á norðurslóðum, það verður að taka mið af vísindalegum rannsóknum á þessu svæði og auka þær. Það á til dæmis við um fiskveiðar,



þar á meðal makríl, og við verðum að reyna að spá fyrir um það hvað framtíðin ber í skauti sér á þessu svæði.“

Styrkja þarf efnahagsumhverfið

Þótt nokkuð mikið samstarf sé til staðar þarf ýmislegt til að hægt verði að gera það betra að mati Kleist. „Ef þú ætlar að gera eitthvað eru samskipti til alls fyrst. Stafræn samskipti eru í lagi en það að hitta fólk augliti til auglitis er besta leiðin í samskiptum. Það er mjög jákvætt að flugsamgöngur á milli Íslands og Grænlands hafa aukist mikið.“

Þegar Kleist er spurður hvort hann sjái fyrir sér sjálfstæði Grænlands segir hann að það sé eðlilegt að fólk vilji frelsi en spurningin snúist um hvernig það verði gert. „Hvernig menntum við fólk í landinu til að stjórna landinu? Mesta áskorunin er efnahagurinn, við erum svo háð einni efnahagslegri auðlind sem er fiskveiðar, við verðum að fá aðra efnahagslega auðlind ef við ætlum að fá sjálfstæði.“

Ráðstefnan að frumkvæði forseta

Hvernig ætli hugmyndin að þessari ráðstefnu hafi kviknað? „Hugmyndin fæddist fyrir rúmum tveimur árum í samræðum mínum við nokkra einstaklinga sem hafa verið virkir í mál-efnum norðurslóða og ég þekki mjög vel. Ég hafði sjálfur reynt það en það var orðið flókið að tengja saman alla þá sem vilja láta til sín taka á norðurslóðum, á sama tíma og mikilvægi umræðanna um norðurslóðir óx ár frá ári. Þess vegna var nauðsynlegt að reyna að finna einhverja aðferð til að ná saman meiri fjölda en venjulega hefur komið á ráðstefnur í málefnum norðurslóða, opna vettvanginn þannig að allir gætu tekið þátt hvort sem menn væru baráttumenn, forstjórar í stórfyrirtækjum, forystumenn þjóðríkja, umhverfissinnar, stúdentar og fjöldi annarra“, segir Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.

Öflug þátttaka frá Bandaríkjunum

Hvað ætli hafi komið Ólafi Ragnari, sem hefur lengi fylgst með norðurslóðamálum, á óvart? „Eitt af því sem ég er



Forseti í fararbroddi

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, stóð ásamt öðrum fyrir Arctic Circle eða Hringborði norðurslóða eins og það kallast á íslensku. Hann var staddur þar alla helgina.

mjög ánægður með er hve öflug þátttaka fulltrúa er frá Bandaríkjunum í þessu alþjóðaðingi og hve margir komu frá Alaska.“ Hillary Clinton, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og núverandi utanríkisráðherra, John Kerry, ávörpuðu ráðstefnuna, sem og tveir öldungadeildarþingmenn frá Alaska, og eru það skýr skilaboð um að málefni norðurslóða hafa fengið aukið vægi í bandaríska stjórnkerfinu,” segir Ólafur Ragnar.

Það hafi einnig verið sterkt að Ban Ki-moon sendi skilaboð og er þetta í fyrsta sinn sem hann sendir skilaboð á ráðstefnu um málefni norðurslóða. „Þessir dagar hafa þess vegna í mínum huga falið í sér öflug skilaboð til Íslendinga, sérstaklega unga fólksins á Íslandi, um að í málefnum norðurslóða felast fjölbætt tækifæri til að rækta sinn garð hér á Íslandi en eiga líka spennandi samstarfi við forystufólk vítt og breitt um veröldina, hvort sem það er forystufólk í umhverfismálum, vísindum, þjóðmálum, viðskiptum eða á öðrum sviðum.“



Forstjóri stærsta skipafélags heims mætti

„Ég held að það sé fyrst um þessar mundir sem menn eru að vakna við það að þetta eru ekki einhverjir fjarlægir draumar heldur er veruleikinn að banka á dyrnar hér og nú og krefst þess að við látum að okkur kveða strax og áfram.“ Ólafur Ragnar segir að margt af því sem hafi komið fram á ráðstefnunni hefði enginn getað spáð fyrir tíu árum að ætti að vera á dagskrá norðurslóða. „Það að forstjóri stærsta skipafélags heims, COSCO (China Ocean Shipping Group), skuli hafa gert sér ferð til Íslands að lýsa þeirra sýn á þróun norðurslóða. Að öflug íslensk fyrirtæki í verkfræði og flutningum skuli vera byrjuð að skipuleggja starfsemi sína með tilliti til þessara tækifæra og að vísindastarfið á Íslandi eigi tækifæri á samstarfi við margar af öflugustu vísindastofnunum heims ekki bara í norðurskautsríkjunum heldur líka í Suður-Kóreu, Singapúr, Kína, Indlandi, Þýskalandi og Frakklandi. Atburðarásin er svo hröð að jafnvel við sem vorum bjartsýn fyrir tíu árum hefðum ekki spáð því að árið 2013 yrðum við vitni að jafn efnisríkri umræðu og jafn fjölþættri þátttöku áhrifafólks og við höfum orðið vitni að þessa helgi.“

Sendinefnd frá Singapore

Það kom líklega einhverjum á óvart á Arctic Circle-ráðstefnunni í Hörpu að þar kom öflug sendinefnd frá utanríkisráðuneytinu í Singapúr. Það hlýtur að vera vitnisburður um hið alþjóðlega mikilvægi norðurslóða að þaðan komi svona öflug sendinefnd hingað og lýsi sýn sinni en „einfalda svarið við því hvers vegna Singapúr sendi öfluga sendinefnd er að ef ísinn heldur áfram að bráðna á Grænlandi og annars staðar og sjávarborðið hækkar verður Singapúr ekki til í þeirri mynd sem það er í dag,“ segir Ólafur, en þetta kom einnig fram í ræðu fulltrúa Singapúr á ráðstefnunni.


Hringborð norðurslóða á hverju ári

Ólafur Ragnar segir að íslensk þátttaka eigi eftir að verða burðarás í þessu starfi því þessa helgi hafi ekki aðeins orðið til tæki í málefnum norðurslóða heldur í raun og veru heil

hljómsveit allra málefna norðurslóða. Ísland, og allir sem lögðu hönd á plóg hér heima, geti fyllst stolti yfir því hversu vel hafi tekist til því það skipti einnig máli fyrir stöðu og áhrif innan málefna norðurslóða, bæði í samstarfi við hin ríkin á norðurslóðum en ekki síður við ríkin í Evrópu og Asíu sem núna láti að sér kveða á þessum vettvangi.

Ný heimsmynd

Ólafi Ragnari finnst mikilvægast að unga fólkið, hvort sem það starfar á sviði vísinda, almannasamtaka, umhverfismála, fjölmiðla eða á hverju öðru sviði, geri sér grein fyrir því að þessi unga kynslóð sé að verða vitni að þáttaskilum í okkar nánasta umhverfi, ný heimsmynd sé að verða til og Ísland sé þannig staðsett að það geti verið virkur þátttakandi í að móta þá heimsmynd á ábyrgan og skynsaman hátt. Þess verði þó að gæta að þar sem ýmsar hættur tengist þessari þróun geti auðvitað illa farið ef mannkyn allt geri þetta ekki á skynsaman hátt. Ný heimsmynd sé komin með norðurslóðir í brennidepli þar sem öll helstu áhrifaríki í efnahagskerfi heimsins séu orðnir þátttakendur og lega Íslands sé lykilatriði í þeirri heimsmynd.



„Ég dansa ekki, stelpur dansa“

MANNLÍF
Páll Hilmarsson


S amkvæmt vefnum einkamal.is eru skráðir notendur hans 30.936. Hver notandi gefur upp ýmsar upplýsingar um sig, svo sem hæð, þyngd, kyn, áhugamál og eftir hverju hann sækist. Það sem hér fer á eftir er tölfræði unnin úr upplýsingum um 12.003 notendur, sem safnað var vélrænt. Það má meðal annars sjá að rúmlega 60% þeirra sem hafa áhuga á dansi eru konur og rúmlega 86% þeirra sem hafa áhuga á golfi eru karlar. Hvern hefði grunað það?



Áhugamál eftir kyni

Þýði: 4.989

■ Karl ■ Kona






Augnlitur eftir kyni


Þýði: 6.257

■ Karl ■ Kona





Hæð eftir kyni



Undir venjulegum kringumstæðum ætti hæð notenda að normaldreifast nokkuð jafnt þegar svona margir gagnapunktur eru teknir saman. Eins og sést greinilega á myndinni rísa hæstar súlurnar fyrir 160 cm og 170

cm hjá konum og svo 180 cm og 190 cm hjá körlum.


Svo virðist sem fólk námundi hæð sína að heilum tug þegar það skráir sig til leiks á einkamál.is. Það skýrir ónormaldreifða dreifingu gagnanna.




Hárlitur eftir kyni

Þýði: 6.673

■ Karl ■ Kona



Kynjaskipting aldursbila






Kynjaskipting

Þýði: 12.003

■ Karl ■ Kona






Landshlutar

Þýði: 11.620


Notendur



Rauð- og gráhærðir eftir aldursbilum

Þýði: 374


■ Gráhærðir ■ Rauðhærðir



„Sækist eftir...“ eftir kynjum

Dýði: 11.191

Karl Kona



VÍSINDADAGAR

VATN - FLJÓTANDI UNDIR

15.-29. OKT.



SMÁRALIND

Góða skemmtun

Obama hafði betur ... í bili

BANDARÍKIN

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is



Smelltu til að sjá umfjöllun New York Times um samkomulagið

Forystumenn Repúblikana og Demókrata í bandaríska þinginu náðu samkomulagi í gær um að hækka skuldaþak bandaríska ríkisins og opna fyrir fjárheimildir ríkissjóðs. Frumvarpið með efnisatriðum samkomulagsins verður komið til Baracks Obama forseta, sem síðan mælir formlega fyrir því í þinginu. *Wall Street Journal* greindi frá því í gær að vaxandi spennu gætti á fjármálamörkuðum vegna þeirrar óvissu sem deilurnar í þinginu höfðu skapað og óttuðust margir að alvarleg staða gæti komið upp ef greiðslufall ríkissjóðs yrði að veruleika.

Gáfu eftir

New York Times greindi frá því seinni partinn í gær að samkomulag væri í burðarliðnum um að samþykkja til skamms tíma að opna fyrir heimildir ríkisins til að eyða fé og hækka skuldaþakið. Með þessu móti myndi þingið koma í veg fyrir greiðslufall, með tilheyrandi alvarlegum afleiðingum fyrir fjármálamarkaði, og fá lengri tíma til þess að ná sátt um helstu þætti í ríkisfjármála, þar á meðal framlög ríkisins til nýs heilbrigðisstryggingakerfisins (Obamacare). Samkomulagið, sem Demókratar og Repúblíkanar í öldungadeildinni samþykktu, var síðan kynnt skömmu síðar. Hækkun á skuldaþakinu gildir aðeins til 7. febrúar, samkvæmt samkomulaginu. Fréttaskýrendur í Bandaríkjunum voru flestir á því að með samkomulaginu





Obama

Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur staðið í ströngu undanfarin misseri. Hann er nú með betri stöðu en hann hefur áður haft, eftir að hafa náð samkomulagi sem gerir það mögulegt að hækka skuldaþak ríkissjóðs og opna fyrir fjárveitingar til ríkisstofnanna.

Þá hefði Barack Obama forseti haft betur gegn helstu andstæðingum sínum í Repúblíkanaflokknum í þinginu, sem gáfu eftir að lokum.

Skuldaþak ríkissjóðs Bandaríkjanna er nú komið í 16,7 billjónir Bandaríkjadala en það nam ríflega 12 billjónum þegar Barack Obama tók við stjórnartaumunum í nóvember 2008. Miklir efnahagserfiðleikar hafa einkennt nær alla stjórnartíð hans og hefur skuldaþakið verið hækkað fimm sinnum.

Afleiðingar þess ef ekki tekst að semja um lausn deilunnar eftir áramótin eru óþekktar, en lánshæfismatsfyrirtæki hafa gefið í skyn að lánshæfiseinkunn Bandaríkjanna kunni að vera lækkuð úr hæsta þrepi, AAA. Það

gæti haft mikil áhrif á fjármálamarkaði til skamms tíma. Í versta falli gæti greiðslufall sett af stað mikla keðjuverkun á mörkuðum með tilheyrandi lækkunum og erfiðleikum. Með öðrum orðum er raunveruleg hættu á því að „allt fari til fjandans“ eins og blaðamaður CCN komst að orði í útsendingu frá Washington DC í gær, ef greiðslufall verður að veruleika. En með samkomulaginu í gær hefur því verið afstýrt, í bili í það minnsta, þó enn sé formlega ekki búið að samþykka frumvarp í þinginu með efnisatriðum samkomulagsins.

Pelosi ánægð

Demókratinn Nancy Pelosi ræddi við blaðamenn eftir að samkomulag var kynnt.



Smáfólkið

Hvergi er börnum eins mikil hættu búin og í skáldskap sem ætlaður er fullorðnum. Ég vona að Herdís Storgaard sé að lesa þetta.

Með hæfilegri einföldun má segja að fyrir utan bækur sem rekja ævi söguhetjunnar frá barnæsku eru börn ekki skrifuð inn í fullorðinsskáldskap nema til að þjást og/eða deyja.

Þetta er mest áberandi í leikbókmenntum. Kannski má segja að þetta hefjist með Medeu Evripídesar og hefndar-ráðstöfun hennar gegn eiginmanninum, en Shakespeare er liðtækur líka. Börn Macduffs í Macbeth, prinsarnir í Ríkarði III og Jóhanni landlausa. Perdíta lifir reyndar af í Vetrar-ævintýri en það er einungis fyrir ævintýrlega tilviljun.

Lífs- og hamingjulíkurnar eru ekki mikið meiri í skáld-sögum. Líf barna telst einfaldlega ekki í frásögur færandi nema það sé í hættu. Nærtækasta skýringin á þessu er trúlega sú hvað hættu sem börnum er búin er áhrifaríkt tæki til að koma tilfinningalegu róti á fullorðna lesendur. Dauði Nell litlu í The Old Curiosity Shop eftir Dickens olli uppþotum og fjöldamóðursýki þegar sá kafli framhaldssögunnar var birtur. Höfundar á höttum eftir sterkum áhrifum þurfa ekki alltaf að seilast hátt.

Hér á eftir fara vangaveltur um þrjár nýlega útkomnar bækur þar sem börn eru í sviðsljósinu – og farnast vægast sagt misvel.

I

Árið sem tveim sekúndum var bætt við tímann

Höfundur: Rachel Joyce
Þýðandi: Ingunn Snædal
Útgefandi: Bjartur

They fuck you up, your mum and dad
They may not mean to, but they do.
They fill you with the faults they had
and add some extra, just for you.

Philip Larkin – this be the verse

Í annarri bók spútnikhöfundarins Rachel Joyce segir frá Byron og fjölskyldu hans, og hvernig saumarnir sem halda fjölskyldunni saman gliðna og leysast upp út af einu smáatviki. Segja má að bókin fjalli um þær ógöngur sem lífshættir okkar og samskiptamáti geta leitt okkur í þegar þau mæta opnum og ótömdum hug barnanna.

Eða kannski ekki „okkar“ – aðstæður aðalsöguhetjanna eru ákaflega niðurnjörvaðar í stað, stund og stétt. Það gegnir algjöru lykilatriði í örlögum fólksins að foreldrarnir eru með miklu harðfylgi að reyna að falla inn í heim vel stæðrar efri millistéttar í Bretlandi. Heim sem smátt og smátt kemur í ljós að er ekki þeirra upprunaland og áreynslan við að laga sig að honum verður á endanum óbærileg, gjaldið of hátt.

Í slíku spennuástandi þarf ekki mikið til að setja allt út af sporunum, jafnvel ekki nema tvær viðbótarsekúndur og áhrifin sem þær hafa á ímyndunarafli barns.

Einn helsti styrkur Rachel Joyce er hve útsmugin hún er í að ákveða hvað hún segir okkur og hvenær hún segir það. Þetta var mjög skýrt í Pílagrímsför Harold Fry, þar sem myndin af honum, lífi hans og fortíð þéttist og skýrðist smám saman eftir því sem göngunni miðaði áfram.

Það sama er uppi á teningnum hér, þótt finna megi

I

að því að framvindan er með hægasta móti framan af. Uppbyggingin er líka flóknari, því við fylgjumst líka með fullorðnum geðfötludum manni löngu síðar – sem ljóst er að er eitt fórnarlamba atburða meginsögunnar. Þar er þróun ástandsins á heimili aðalsöguhetjunnar lýst af mikilli og agaðri fimi, hæfilegri blöndu af hæðinni fjarlægð, hlýjum húnur og dramatík.

Þetta er fín bók. Það er stundum smá þýðingarbragð af textanum, sérstaklega þegar breskir lífshættir, vörumerki og tjáningarmáti eru í forgrunni. Sennilega óhjákvæmilegt.

Aðeins samt um titilinn. Bókin heitir „Perfect“ á ensku, sem líkt og íslenski titillinn á sér sterka skírskotun í efnið. En nöfn hafa áhrif og með því að breyta honum beinist skynjun okkar á útgangspunkti bókarinnar eilítið. Örlaga-saga móðurinnar missir vægi miðað við ferðalag sonarins í gegnum atburðina.

Af hverju? Mér þykir svarið reyndar liggja í augum uppi – með því að nota langan titil með ljóðrænum og þínu spaugilegum tón er verið að tengja bókina skýrar við metsölubókina um Harold Fry.

Einhver hefði átt að slá á puttana á markaðsmörðum Bjarts, finnst mér. Og reyndar kollega þeirra annars staðar í Evrópu sem virðast samkvæmt gúggli á sömu nótum. Ég er kannski gamaldags en mér finnst ekki að svona sjónarmið eigi að ráða þegar þau breyta upplifun manns jafn augljóslega og þessi ákvörðun gerir.

II

Krákustelpan

Höfundur: Erik Axl Sund
Þýðandi: Sigurður Þór Salvarsson
Útgefandi: Uppheimar

No thugs in our house,
are there, dear?
We made that clear,
we made little Graham promise us he'd be a good boy.
XTC – No thugs in our house

Svíar eru búnir að vélvæða poppgeirann. Annað hvert júrónisjónlag og Brittneispearshitt er víst skrúfað saman á sænskum verkstæðum (hér má lesandinn skjóta inn IKEA-brandara að eigin smekk). Ég verð að viðurkenna að mér er hálfilla við hvað þeir eru komnir langt á sömu braut með krimmana.

Augljóst dæmi er höfundapör eins og Lars Kepler og Erik Axl Sund. Sem eru tvö pör. Alexander og Alexandra Coelho Ahndoril annars vegar og Jerker Eriksson og Håkan Alexander Sundquist hins vegar. Þetta kemur fram á kápum bóka þeirra. Sem er súrrealískt – hver er þá tilgangurinn með þessum dulnefnum? Á kápunum eru líka myndir af þeim. Eða kannski ekki. Það er eitthvað mjög myndabankalegt við myndirnar. Af hverju ætti maður líka að trúá fólki sem lætur svona eins og kjánar?

En svo skiptir þetta auðvitað engu máli. Lesum bara bækurnar og gáum hvernig þær eru. Sem krimmar.

Nema að þetta skiptir mögulega smá máli. Ég held að það sé ekki tilviljun að bæði Dávaldurinn (Kepler Group) og Kráku-stelpan (Foreningen Jerker och Håkan) ganga lengra, eru með því öfga- og ofbeldisfyllra sem býðst af skandi-krimmum.

Þetta gerist svona, grunar mig:

„Heyrðu Lars, ég er með hugmynd. Hvernig væri að vera ekki bara með EINN siðblindan en súperkláran fjöldamorðingja, heldur TVO?“



II

„Frábær hugmynd, Lars!“

Eða í tilfalli Krákustelpunnar:

„Erik, hvernig líst þér á að hafa klofinn persónuleika í bókinni?“

„Dálítið mikið notað, Erik. En hvað með að hafa TVO klofna persónuleika – og láta þá báða vera misnotuð börn?“

„Brilljant, Erik! Og frumlegt. Hvað ef annað þeirra er til dæmis barnahermaður?“

„Snilld! Og hitt þá stelpa sem hefur gengið í gegnum skelfilega misnotkun og er svo aftur nauðgað grimmilega á fullorðinsaldri?“

„Þú ert snillingur, Erik. Tvö eyðilögð börn. Nákvæmlega það sem við þurfum. Ertu búinn að finna flotta mynd af „okkur“?“

Að þessum hálfkæringi sögðum er Krákustelpan alveg allt í lagi krimmi. Og það er allt í lagi með krimma. Krákustelpan er mjög formúlukennd, dálítið fyrirsjáanleg satt að segja. Sem mig grunar að sé annar fylgifiskur þess að vinna svona í hópi. Og eins og ráða má af hinu ímyndaða samtali er Krákustelpan allnokkuð yfiringileg. Bókin endar á „cliffhanger“ og þríleikur er boðaður.

Var Stieg Larsson kannski tveir menn?



III

Börnin í Dimmuvík

Höfundur: Jón Atli Jónasson

Útgefandi: JPV

Your children are so hungry that they don't know how to smile.

Bob Dylan – The Ballad of Hollis Brown

Mikilvirkur og mistækur leikritahöfundur með athyglina kirfilega á myrkrinu í nútímanum, sálrænt, pólitískt og samfélagslega, skrifar allt í einu, og öllum að óvörum, stórkostlega nóvellu um vonlausa lífsbaráttu stúlku og fjölskyldu hennar í afskektri vík á kreppeárunum.

Kannski svolítið löng fyrirsögn – en því er ekki að neita að Börnin í Dimmuvík sæta tíðindum í höfundarverki Jóns Atla Jónassonar. Það er einhver agi, eitthvert vald yfir vopnum höfundarins, sem gefur þessari kyrrlátu frásögn heljartök á lesandanum.

Auðvitað eru hörmungarnar hörmulegar. En þær eru líka tíðindalitlar og stýrast ekki af ofbeldi, ekki af grimmd, heldur af skorti. Skorti á lífsnauðsynjum, skorti á möguleikum. Sem síðan leiðir af sér skort á hlýju, skort á samliðan, skort á ást. Það er sá skortur sem fer verst með börnin.

Þetta er frábær lítil bók. Feiknalega vel formuð og skrifuð. Stælalaus og fyrir vikið algerlega ógnvekjandi í nákvæmri kortlagningu sinni á atburðum sem aldrei gerðust – og eru alltaf að gerast. Lesið hana (tekur svona eins og eina kvöldstund) og setjið hana svo við hliðina á hinum snilldarnóvellunum í íslenska safninu: Ástinni fiskanna, Ungfrúnni góðu og húsinu og Aðventu.

Í öllum þessum bókum eru börn. Þær hverfast allar um börn. Það fer hræðilega fyrir þeim flestum. Það togar alltaf jafn harkalega í tilfinningataugina í okkur.

Kæru höfundar. Hvernig væri samt að líta á skelfileg barnaörlög eins og neyðarhemil í járnbrautarlest.

Það er auðvitað ekki bannað að kippa í hann.

En bara ef það er óhjákvæmilegt.

Blackfish: Versta besta mynd ársins

KVIKMYNDIR
Erlingur Grétar Einarsson

Blackfish
í leikstjórn
Gabrielu
Cowperthwaite
★★★★★

Góðar heimildarmyndir geta verið fræðandi, upplýsandi, sorglegar, óvenjulegar, stílfærðar og spennandi.

Blackfish er sannarlega fræðandi. Hún upplýsir okkur um sögu og lífsferil rúmlega þrítuga háhyrningsins Tilikum, eins frægasta sýningarhvals veraldar. Hann er í eigu SeaWorld og hefur tekið nánast óslitinn þátt í sýningum þess og annarra garða í næstum þrjátíu ár, fyrir framan hundruð þúsunda áhorfenda, eftir að hann var veiddur sem kálfur við Íslandsstrendur upp úr 1980.

Blackfish er líka upplýsandi. Hún sýnir okkur, í gegnum viðtöl við fyrrverandi starfsmenn garðsins og fjölda sérfræðinga, að Tilikum, sem og aðrir háhyrningar, er flóknari og margbrotnari skepna en flestir gera sér grein fyrir. Bæði vísindaleg rök og persónulegar upplifanir eru teknar til og margslungin mynd birtist af persónulegu og tilfinningalegu lífi fangaðra háhyrnunga, sem eiga sér sitt eigið tungumál, sértækt eftir hverri fjölskyldu, auk háþróaðrar félagsgreindar. Háhyrningar hafa líklega aldrei verið jafn heillandi verur og í Blackfish.

Myndin er líka sorgleg. Líf Tilikum er í raun röð harmleikja, þar sem dýrpyntingar, morð á þjálfurum og kerfisbundnar lygar hagsmunaaðila búa til kolsvarta mynd af SeaWorld og þeirri meðferð sem bæði Tilikum og aðrir háhyrningar þurfa að þola. Stórar sýningarlaugarnar, sem þó eru allt of litlar fyrir risastóra hvalina, eru aðeins skrautmyndir sem fela áratugalanga og þvingaða dvöl dýranna í búrum þar sem þau geta rétt svo snúið sér við, oft í miklu návígi við hvert annað, með þeim líkamlega og andlega skaða sem því fylgir.

Stílfæring Blackfish felst í því að í kringum viðtölin er safnað upptökum frá sýningum SeaWorld, aðstöðunni sem háhyrningarnir búa við og aðferðunum við fongunina á þeim, svo úr verður spennuþrungin atburðarás sem grípur jafnvel kaldlyndasta áhorfanda föstum tökum. Sumar af



mögnuðustu upptökunum af því hræðilegasta og spennuþrungnasta eru hreinlega þess eðlis að erfitt er að horfa.

Samanlögð áhrif þess sem fyrir augu ber í Blackfish á áhorfandann eru afar óvenjuleg, því það er ekki oft sem maður verður hreinlega reiður við að horfa á kvikmynd. En það gerist við áhorf á Blackfish, og það hratt.

Það er ekki langt liðið á myndina þegar það er algerlega augljóst hversu mikil áhrif peningagræðgin hefur haft á ákvarðanir SeaWorld í marga áratugi. Skiptir engu þótt þar sé um að ræða geðheilsu félagslega háþróaðra dýra, eins og háhyrningar eru, leit fjölmiðla og annarra að sannleikanum á bak við starfsemina eða heiður og orðspor þeirra þjálfara sem slasast lífshættulega og láta jafnvel lífið á sýningum í gördunum. Raunveruleikanum er iðulega snúið á hvolf svo að viðskiptin skaðist ekki og eigendurnir geti haldið áfram að græða á grunlausum áhorfendum.

Leikstýran Gabriela Cowperthwaite er sannarlega ekki fullkomlega hlutlæg í nálgun sinni, þar sem „boðskapur“ eða skilaboð myndarinnar eru afar skýr, nánast frá upphafi. Hins vegar, eftir því sem sönnunargögnunum er hlaðið upp, helberum og augljósum fyrir augum áhorfandans, verður sú nálgun sífellt meira sannfærandi eftir því sem líður á myndina. Skömm þeirra seku er á endanum svo augljós að magnað verður að teljast að mynd sem þessi hafi ekki litið dagsins ljós fyrr en árið 2013.

BLACKFISH Í 20 ORÐUM

Blackfish flettir ofan af grimmd, græðgi og siðleysi og krefur áhorfandann um sterk viðbrögð. Ein besta – og ljótasta – kvikmynd ársins.



Maður er manns gaman



MARKAÐSMÁL

Kári Sævarsson og
Ragnar Jónsson

I auglýsingum nú til dags er hlutur kvenna oft talinn ósanngjarn og kynjaímyndir brenglaðar að margra mati. Hins vegar þegar kemur að gríni í auglýsingum liggja karlmenn betur við höggi. Birtingarmynd karlmennskunar í alþjóðlegum auglýsingum er margbreytileg og það er fróðlegt að skoða hvernig hún lýsir sér. Um þetta eru til mörg dæmi.

Liðugi leikara-Belginn [Jean Claude Van Damme](#) átti stórleik í nýlegum auglýsingum bandaríska bjórsins Coors Light. Á fjallstoppi stendur illa klæddur Van Damme og talar um hversu erfitt það er að líkja eftir þeirri frískandi upplifan að bragða á Coors Light. Segir hann frá því þegar stórir sveittir birnir rændu af honum fötonum og skildu hann einan eftir á hlébarðanærbuxum þannig að honum varð svo kalt að geirvörtturnar töluðu til hans. Þetta augnablik var það næsta sem hann hefur komist í því að endurleika frískleika bjórsins.

Til þess að skilja húmorinn þarf helst að hafa séð nokkrar Van Damme-myndir, nokkrar með [Eric Roberts](#) og helst



Deildu með
umheiminum



Smelltu til að horfa á
Coors Light-auglýsinguna

allar myndirnar með [Patrick Swayze](#). Þetta er gaura-
menning og ekkert annað. Hér reynir auglýsandinn að sam-
sama sig markhópnum með því að nota það sem við getum
kallað innanbúðarhúmor. Mömmur markhópsins myndu
ekki botna neitt í þessu og þætti þetta sennilega frekar hall-
ærislegt og ófyndið. Í því felst galdurinn. Gauramenningin er
óalvarleg inn að beini enda nauðsynlegt fyrir unga menn að
skapa sér ákveðið mótvægi við alvarleika tilverunnar.

Karlar vilja vera hann og konur vilja vera með honum

Hvernig lítur Áhugaverðasti maður í heim út? Hverju hefur
hann áorkað í lífinu og hvað gerir hann svona áhugaverðan?
Í auglýsingum fyrir Dos Equis-bjórinn er kynntur til
sögunnar karakter sem ber þennan titil. Blanda af James
Bond og Hemingway með dassi af [Chuck Norris](#).

Fyrir utan gríðarlegt sjálfsöryggi er hann óhemju myndar-
legur, talar reiprennandi frönsku og rússnesku, er með blóð
sem ilmar af rakspíra og það segulmagnaður að hann getur
ekki gengið með krítarkort. Svo er hann eini maðurinn sem
hefur fengið hæstu mögulegu einkunn á Rorschach-prófi.
Hvaða karlmaður myndi ekki vilja vera hann?

Auglýsingarnar með þessum áhugaverða manni eru hver
annarri skemmtilegri og ná að fara allan hringinn í ýktri
karlmennsku. Dos Equis-herferðin náði góðum árangri
og jók sölu á bjórnum um 17% á meðan bjórmarkaðurinn
dróst saman í heild sinni. Hún gerir út á djúpstæðan ótta
karlmanna við að vera taldir óáhugaverðir og vera minni
menn en aðrir sem gera spennandi hluti. Áhugaverðasti
maður í heimi er að sjálfsgöðu einn almesti karlagrobbari í
heimi og það er tvísýnt hvort hann skorar hátt hjá konum,
því eins og hefur ítrekað komið fram í spjallþáttum og
tímaritsgreinum vilja konur gjarnan karlmenn sem kunna að
frekar að hlusta.

Konur vilja vera með honum og karlar vilja lykta eins

Þegar kemur að því að heilla konur er himinn og haf á milli
Áhugaverðasta manns í heimi, sem er fyrst og fremst eins og



Smelltu til að horfa á
Dos Equis-auglýsinguna





Smelltu til að horfa á Old Spice-auglýsinguna

karlmenn vilja líta út í eigin augum, og Old Spice-mennisins sem er mesti kvennaljómi auglýsingaheimsins í langan tíma.

„Hello ladies. Look at your man. Now back to me...” Svona heilsar Old Spice-mennið konum sem sitja við skjáinn heima við. Hann er myndarlegur, vafinn handklæði um sig miðjan og röddin er djúp og seiðandi. Old Spice-mennið er afburðamaður og heldur því blygðunarlaust fram að eiginmenn kvennanna standi honum að baki á allan hátt, sérstaklega af því að þeir lykta eins og konur. Og konur, þær vilja ekki að karlmenn lykta eins og þær. Karlmenn vilja líta vel út í augum kvenna og Old Spice-mennið sýnir þeim hversu langt er hægt að ná í þessum efnum. Old Spice sér til þess að þeir lykta rétt. Innsæið á bak við þessa nálgun er að konan er innkaupastjóri heimilisins og líklegust til að velja baðsápuna. Á sama tíma er gert lítið úr karlmönnum sem nota vörur ætlaðar konum og lykta því eins og þær.

Eins og sést birtist karlmennskan okkur á marga vegu og það er hægt að toga hana og teygja nánast endalaust. Væri hægt að snúa þessu við? Gæti ímynd Sigourney Weaver náð að selja konum bjór með hörku sinni eða Jodie Foster með snilli sinni? Væri talskonu Old Spice óhætt að tala til karlmanna og setja út á konur þeirra? Ólíklegt.



„Einfaldleikinn finnst mér bestur“

Matreiðslumaður ársins 2013

MATUR
Svavar Halldórsson

Sólin lét ekki mikið sjá sig á sunnanverðu Íslandi í sumar en þó kom einn og einn dagur þar sem glitti í hana. Það var á einum slíkum fallegum haust-degi að matarblaðamaður Kjarnans fór í bíltúr suður með sjó til að hitta nýkrýndan matreiðslumann ársins. Sá er tæplega þrítugur og heitir Viktor Örn Andrésson. Þegar komið var suður fyrir Vellina í Hafnarfirði og álverið í Straumsvík var stefnan tekin á gufubólstrana við fjallið Þorbjörn. Matreiðslumaður ársins vinnur á veitingastaðnum Lava í Bláa lóninu.

Veðurbliðan losaði að mestu um þá leiðindatilfinningu

sem byggingafræðileg skipulagsslysín í jaðri Hafnarfjarðar vöktu. Göngutúrinn frá bílastæðunum og upp að Bláa lóninu laðaði jafnvel fram bros. Eins og öll aðstaðan er veitingastaðurinn byggður á smekklegan hátt inn í hraunið. Maður fyllist einhvers konar feginleikatilfinningu þegar maður gengur inn. Smekkleg notkun á grjóti og samspilið við náttúruna færa manni heim sanninn um að Íslendingum er ekki alls varnað þegar kemur að skipulagi og arkitektúr í sátt og samspili við umhverfi og náttúru.

Lærði af þeim bestu

Á móti mér tók Viktor Örn, klæddur í kokkagalla og með hvíta svuntu. Hann er hæglátur maður en yfir honum er einhvers konar barnsleg glaðværð. Það er ekki annað hægt en að líða vel í návist hans. Hann byrjaði að læra matreiðslu árið 2001 og kláraði árið 2006. Auk skólans var Hótel Saga annað heimili hans á þessum árum, en þar nam hann matargerðarlist af nokkrum af færustu kokkum landsins. Eftir útskrift var hann svo ráðinn á Grillið.

Eftir hálf t ár fór hugurinn að leita út fyrir landsteinana og Viktor Örn flutti til Frakklands. Hann var ráðinn á Domaine de Clairefontaine, sem er fjölskyldurekið sveitahótel og veitingastaður suður af Lyon. Veitingastaðurinn er skreyttur stjörnu frá Michelin. Þar ræður ríkjum Íslandsvinurinn Philippe Girardon, matreiðslumaður á heimsmælikvarða sem hefur unnið sér inn rétt til að skreyta sig fána Frakklands, sem þykir mikill heiður þar ytra. Hann hefur komið nokkrum sinnum hingað til lands, meðal annars til að taka þátt í Food and Fun. „Þarna lærði ég afskaplega mikið, ekki síst varðandi umgengi við hráefni og vinnubrögð,“ segir Viktor Örn. Maturinn hafi þó ekki endilega höfðað mikið til hans.

Tíminn í Frakklandi var erfiður, langar vaktir og mikið álag, en jafnframt lærdómsríkur. Þetta eina og hálf á á Domaine de Clairefontaine og einnig styttri vinnudvöl í Bandaríkjunum og París hefur aukið Viktori Erni víðsýni þegar kemur að mat. Að auki hefur hann tvisvar verið aðstoðarmaður íslenskra matreiðslumanna í hinni víðfrægu



matreiðslukeppni Bocuse d'Or. „Það er auðvitað ómetanlegt að vera undir handleiðslu og í nálægð við færustu matreiðslumenn í heimi og læra hvernig þeir vinna og hugsa, jafnvel þótt frönsk matargerð höfði ekki endilega mjög sterkt til mín,“ segir hann. Hann horfi á íslenskt hráefni allt öðrum augum eftir þessa reynslu alla saman, ekki síst íslenska fiskinn.



Venti sínu kvæði i kross

Eftir dvölinu ytra lá leiðin yfir í allt annars konar matargerð á Domo í Reykjavík, þar sem Ragnar Ómarsson matreiðslumaður tók á móti honum. Ekki leið á löngu þar til Ragnar hvarf til annarra starfa og Viktor Örn var orðinn yfirkokkur á staðnum áður en hann vissi af. Nokkur sumur í röð venti Viktor Örn sínu kvæði í kross og var matreiðslumaður í veiðihúsi við Þverá. Þar vann hann einn og umhverfið var allt öðruvísi – í öllum skilningi. Það var lærdómsríkt og á sinn hátt mannbætandi, segir Viktor Örn, enda „gott að komast í sveitina og vera einn með sjálfum sér“.


Það er því alveg ljóst að matreiðslumaður ársins 2013 er enginn byrjandi í faginu, þótt hann sé ekki enn orðinn þrí-tugur. Hæfileikar Viktors Arnar fóru ekki framhjá öðrum í greininni og og haustið 2010 var hann ráðinn til Bláa lónsins. Það er væntanlega ráðning sem menn þar á bæ sjá ekki eftir.

Ástríða fyrir mat

Þótt Viktor Örn sé viðkunnanlegur, glaðlegur og svo afslappaður að hann virkar nánast kærulaus kviknar eldur í augum hans þegar talið berst að íslenskum mat. Ástríðan leynir sér ekki. „Ég vil auðvitað nota íslenskt hráefni eins og hægt er og leggja mig eftir því að læra á hráefnið hér úr nágrenninu.“ Hvort sem talið berst að bláskel eða fiski úr Grindavík eys Viktor Örn úr viskubrunni sínum. Sjálfur segist hann hafa skapað sér stíl á ferlinum en „það er einfaldleikinn sem mér finnst bestur. Ég held að minn stíll sé að búa til einfaldan og góðan mat“.

Viktor Örn segir að alþjóðlegir straumar skili sér tvímæla- laust hingað, hvort sem það eru hreyfingar um mat úr héraði, Slow Food, Nýja norræna eldhúsið eða þetta sem menn kalla Fast Slow Food. Nýja norræna eldhúsið sé þó langáhrifa- ríkast í sínu tilfelli, enda sameini það að vissu leyti allt hitt. Sjálfur leiki hann sér mikið með hráefnin, geri tilraunir og hafi stundum þjóðlega íslenska rétti til hliðsjónar.

Viktor Örn hefur trú á íslensku þjóðinni, íslenska



hráefninu og íslenskum matreiðslumönnum. „Við erum að ná frábærum árangri í alþjóðlegum keppnum, heimsmeist-
arakeppninni, Ólympíuleikunum og ég held að Íslendingur hafi verið í einhverju af tíu efstu sætunum á Bocuse d'Or í ansi mörg ár í röð.“ Auðvitað vanti þó alltaf meira fé í þetta til að ná enn betri árangri. Með því að taka alþjóðlegum stefnum og straumum í matargerðarlistinni opnum örmum, senda kokka og nema í þjálfun á bestu veitingastöðum heims og nota hið magnaða íslenska hráefni sé framtíðin björt fyrir íslenska matargerðarlist.

Ísland á mikið inni

Viktor Örn segir einsýnt að við eigum að nýta okkur alla þá styrkleika sem fagmennska og hrein náttúra gefi okkur. „Það er eiginlega hægt að segja að grænmetið okkar sé allt lífrænt ræktað og fiskurinn er sá besti í heimi. Það er ekki hægt að bera íslenska fiskinn saman við það sem fæst til dæmis í Frakklandi. Hann er svo miklu miklu betri hér og spriklandi ferskur þegar við fáum hann inn til okkar,“ segir matreiðslu-
maður ársins 2013, sem kokkar daglega ofan í 2-300 gesti í Bláa lóninu. „Svo ekki sé nú minnst á lambið,“ bætir hann við sposkur á svip.

Eftir þessi orð þakkar matarblaðamaður Kjarnans saman, þakkar fyrir sig og kveður. Sólin skín enn og glitrar á töfrandi hátt í gufubólstrunum við Bláa lónið. Hann hefur ekki tíma til að smakka í þetta sinn því fleiri skyldur biða, börn sem þarf að sækja og greinar sem þarf að skila. En bjartsýnistónninn fylgir með til Hafnarfjarðar og aldrei þessu vant virkar iðnaðarhverfið á Völlunum ekki alveg jafn mikið skipulagsslys og vanalega. Enda eru hugleiðingar um bjarta framtíð íslensks matar og snilli íslenskra matar-
eiddslumanna einmitt það meðal sem þarf til að lyfta upp munnvikunum og fyrirgefa hringtorgaæði og skipulagsslys sveitunganna.

Nokkrum dögum síðar hefur síðanblaðamaður tækifæri til að prófa matinn í Bláa lóninu og munnvikin hefja sig á ný upp til skýjanna.






NÝHERJI



Upplýsingatækni
í sinni einföldustu mynd

Vefferrðalag á Íslandi



VERALDARVEFURINN

Birgir Þór Harðarson
birgir@kjarninn.is



Smelltu til að skoða
Google Maps




Smelltu til að skoða
þér tækjabúnað
Google Street View


Á

fimmtudag í síðustu viku hlóð bandaríska vefveldið Google upp myndunum sem starfsmenn og bílar á vegum þess tóku á Íslandi í sumar. Um er að ræða gríðarlega ítarlegan myndabanka af vegakerfi Íslands og landslaginu eða götumyndinni umhverfis vegina.

Google Street View var fyrst gert aðgengilegt á kortum Google í maí 2005. Þá fengu einungis fáeinir borgir í Bandaríkjunum að vera með en síðan þá hafa 48 lönd ásamt borgum þar fengið götuumynd sína birta á vefnum. Á döfinni er svo að ramma inn þrettán lönd til viðbótar, þar á meðal Vesturbakkann í Palestínu.

Kjarninn ákvað að taka saman sköndnar myndir frá Íslandi á Google Maps-vefnum. Sjón er sögu ríkari.



A close-up portrait of Hreggviður Jónsson, a middle-aged man with short, light-colored hair, wearing dark-rimmed glasses and a dark blue suit jacket over a dark blue shirt with red buttons. He is looking slightly to the left of the camera with a serious expression. The background is a blurred, abstract pattern of black and white shapes.

VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs

Hættuleg staða þjóðar í höftum

VIÐTAL

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Hreggviður Jónsson, formaður Viðskiptaráðs, ýtti vinnu alþjóðlega ráðgjafarfyrtækisins McKinsey & Company úr vör á aðalfundi Viðskiptaráðs í febrúar í fyrra. Þá nefndi hann að fyrtækið ætlaði sér að gera úttekt á stöðu efnahagsmála á Íslandi og koma með tillögur um hvernig mætti styrkja hana. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Á grunni úttektar McKinsey hefur verið búin til samráðsvettvangur milli atvinnulífsins, háskólasamfélagsins, verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda. Umfangsmikil vinna stendur nú yfir þar sem leitast er við að finna leiðir til þess að styrkja íslenska hagkerfið á alla kanta. Eins og við má búast er deilt um hin ýmsu mál og sitt sýnist hverjum.

Hreggviður segist afar ánægður með hvernig til hafi tekist þegar kemur að vinnu McKinsey. Ekki síst hafi eftirfylgnin verið góð og stjórnámálamenn, þvert á pólitískt litróf til vinstri og hægri, tekið höndum saman um að kafa ofan í málin með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. „Það þarf að taka það fram að þó að einhverjum hér á Íslandi hafi dottið það í hug að fá McKinsey til þess að fara út í þessa umfangsmiklu kortlagningu var ekki sjálfsagt mál að það myndi gera það. McKinsey hefur unnið sambærilega vinnu fyrir um fjörutíu þjóðir og þegar ég var starfsmaður fyrtækisins, fyrir um tuttugu árum, var þessi vinna komin af stað og hefur síðan vaxið mikið og nýtur mikillar virðingar. Ég held að það átti sig ekki allir á því hvað það er mikilvægt fyrir okkur að McKinsey hafi lagt jafn mikið í þetta verkefni og raun ber vitni. Öllum kröftum fyrtækisins var beitt í að gera þetta sem best, og útkoman í skýrslunni sjálfri er mjög góð, að mínu mati. Það sem hefur síðan gerst er ekki síður ánægjulegt því stjórnvöld, það er ríkisstjórnin þáverandi, tóku vinnunni með opnum örmum og það sama á við um helstu hagsmunasamtök og verkalýðshreyfinguna. Þetta skiptir jafn miklu máli og vinnan sjálf. Ég finn fyrir því að það er mikill þungi í þeirri vinnu sem farin er af stað við að gera betur, styrkja hagkerfið og þar með Ísland sem þjóð. Það



Grunnur í sjávarútvegi

„Það má segja að ég hafi verið kominn í gegnum alla keðjuna í sjávarútveginum, frá því að vinna við veiðar og vinnslu og síðan í að rannsaka markaðssetninguna.“

eitt og sér að hafa náð að skapa vettvang þar sem stjórnmalaflokkar, fræðimenn og fulltrúar atvinnulífs og verkalyðshreyfingar vinna í sameiningu að því að finna lausnir á flóknum vandamálum með meiri hagsæld Íslands að leiðarljósi er stór og mikill árangur.“

Viðsjárverðir tímar

Hreggviður segir að vinna McKinsey hafi ekki endilega leitt fram atriði sem hafi ekki verið vitað um fyrir fram, það er hverjir væru veikleikarnir og styrkleikarnir. Þessi vinna sé hins vegar mikilvæg í allri stefnumótun. „Það kemur fram mikilvægt stöðumat í þessari vinnu. Eitt af því sem góð stjórnun gengur út á er að undirbyggja ákvarðanir og stefnubreytingar vel með góðum undirbúningi. Núna er vinnan komin af stað og hún er mjög virk og góð. Ný ríkisstjórn fagnar þessu vafalítið, enda mikilvæg vinna sem hjálpar til við langtímastefnumótun,“ segir Hreggviður. Samráðsvettvangur um hagsæld á Íslandi varð til í kjölfar þess að





Samráðsveitvangur
um aukna hagsæld á
Íslandi

„Það liggur fyrir að við getum ekki treyst á vöxt í þeim geirum sem tengjast auðlindanýtingu okkar ...“

skýrslan kom út og hefur hann verið virkur síðan, fundaði síðast 25. september síðastliðinn samkvæmt vefsíðu hans.

Hreggviður hefur um árabil verið forstjóri og aðaleigandi Veritas. Dótturfélög þess eru Vistor, Distica, Artasan og Medor, sem öll starfa sem birgjar og þjónustuaðilar við heilbrigðisgeirann. Reksturinn hefur gengið vel, hagnaðurinn nam 755 milljónum króna árið 2011 og 254 milljóna hagnaður var af rekstrinum árið 2012. Hreggviður segir blikur vera á lofti hér á landi þegar kemur að rekstrarumhverfi fyrirtækja. Þar séu tvö atriði sérstaklega mikilvæg, kjarasamningar sem fram undan eru og krónueign erlendra aðila hér á landi og hvernig unnið verður úr henni. Hreggviður segir fyrra atriðið þurfa að skoðast út frá sögulegri yfirferð, alþjóðlegum samanburði og meginmarkmiðinu um að kaupmáttur fólks aukist, það er að staða fólks almennt lagist. „Það er full ástæða til þess að óttast það að samið verði um nafnverðshækkanir launa sem síðan reynist ekki vera innistæða fyrir. Það birtist öllum í formi verðbólgu. Eins og staða mála er nú er afar viðkvæmt að missa tökin á verðbólgunni. Ef einblínt er um of á nafnverðshækkun launa getur það sett af stað keðjuverkun, með mikilli kjarnaryrnun fyrir alla. Ég held að það sé rétt munað hjá mér að það hafi verið samið um jafnmikla nafnverðshækkun launa í síðustu kjarasamningum og samið hefur verið um í Þýskalandi á tíu árum. Svíar hafa einnig náð góðum tókum á þessum málum, það er að semja skynsamlega um kaup og kjör. Það sem þarf að einblína á er að ná fram kjarabótum með raunverulegri aukningu á framleiðni, meiri verðmætasköpun.“

Ekki bara auðlindir

Hreggviður segir að einblína þurfi meira á að efla þann hluta hagkerfisins sem byggir starfsemi sína á hugviti og alþjóðlegri markaðssókn. „Það liggur fyrir að við getum ekki treyst á vöxt í þeim geirum sem tengjast auðlindanýtingu okkar, hvort sem það er sjávarútvegur eða orkugeirinn. Við þurfum að treysta á eitthvað annað en það sem við höfum í dag. Vitanlega þurfum við að gera eins vel og við getum þegar

Lifum ekki á eftirliti

„Það hljóta allir að sjá að við getum ekki lifað á því að hafa eftirlit hvert með öðru,“ segir Hreggviður. Hann segir að opinber þjónusta megi ekki vaxa hraðar en einkageirinn.



„Það má ekki gleymast við erum að reka hér ríflega 300 þúsund íbúa þjóðfélag ...“

kemur að auðlindanýtingunni, og einnig getum við fjölgað ferðamönnum og eflt ferðaþjónustuna eins og kostur er, en til lengri tíma litið dugar þetta ekki til. Þetta eru hlutir sem ekki er hægt að hugsa til fjögurra ára í senn, það er á milli kjörtímabíla. Þetta er eilífðarverkefni og það er nauðsynlegt að láta helstu stöðir okkar haldast í hendur, menntakerfið og atvinnulífið, og hugsa til áratuga frekar en fárra ára. Það eru oft tekin dæmi af Marel og Össuri hvað þetta snertir, glæsilegum fyrirtækjum sem urðu til upp úr nýsköpun hér á landi. En ég hef miklar áhyggjur af því að við séum að kasta frá okkur tækifærum til þess að leggja að grunninn að nýjum álíka fyrirtækjum. Hvernig eiga þau að verða til? Það er spurning sem þarf að svara með ítarlegri vinnu, og ég bind vonir við að vinnan sem hófst með úttekt McKinsey hjálpi okkur sem þjóð að koma auga á tækifæri til meiri hagsældar fyrr en við höfum gert, vegna þess að það eykur líkurnar á góðum árangri. Það má ekki gleymast við erum að reka hér ríflega 300 þúsund íbúa þjóðfélag, og það er hægt að ná miklum árangri með góðri samstöðu um grundvallaratriði, á sama tíma og það getur valdið miklu tjóni að ná ekki þeirri samstöðu.“

Lokað land

Eins og mál standa nú er Ísland fjarri því að teljast vera opið. Hér eru í gildi ströng fjármagnshöft vegna bráðavanda sem tengist krónueign erlendra aðila hér á landi. Hvernig horfir þessi staða við þér? Er ekki mikil hætta á ferðum, svo maður spyrji með einföldum hætti?

„Jú, ég held að það sé óhætt að segja það. Þetta er mikið áhyggjuefni og ég hef efasemdir um að Ísland geti leyst þennan vanda eitt og óstutt. Vandamálið hefur frekar verið að magnast heldur en hitt, þegar kemur að krónueign erlendra aðila. Ég held að erlendir aðilar eigi hér 60 til 70 prósent af peningamagni í umferð, og eflaust væri hægt að horfa til þess hvernig hefði mátt halda betur á spilunum þegar allt var að hrynja. En fyrst og síðast verður að horfast í augu við það að tíminn er ekki að vinna með okkur og ekki

FRÁ ÞÓRSHÖFN TIL BOSTON – FÉKK FLJÓTT ÁHUGA Á STJÓRNUN OG REKSTRI

Hreggviður er ættaður að norðan, alinn upp á Þórshöfn á Langanesi. Hann byrjaði ungur að vinna, fékk fyrsta launaseðilinn tólf ára gamall og vann í sjávarútvegi meðfram skóla frá þeim tíma upp í gegnum allan námsferil sinn, svo að segja. Hann var orðinn verkstjóri nítján ára gamall í frystihúsi og var sjómaður um tíma. Sjávarútvegur fylgdi honum einnig í gegnum háskólaárin í Bandaríkjunum, fyrst BA-próf og síðan MBA-nám við Harvard Business School. Lokaverkefni hans á báðum stigum tengdust sjávarútvegi. „Það má segja að ég hafi verið kominn í gegnum alla keðjuna í sjávarútveginum, frá því að vinna við veiðar og vinnslu og síðan í að rannsaka markaðssetninguna.“

Hreggviður lauk BA-námi í hagfræði frá

Macalester College í St. Paul árið 1987. Að loknu námi sagði prófessorinn hans að hann yrði að halda áfram námi og benti honum á að fara í Harvard, þar gæti hann eftl þekkingu sína mikið og að hann ætti fullt erindi í skólann. Hann lauk námi þar fyrir tuttugu árum, árið 1993. „Þetta var eitt af þessum augnablikum sem breyta miklu í lífinu. Í Harvard opnuðust dyr að miklum möguleikum og vinnan hjá McKinsey í kjölfarið dýpkaði þekkinguna á stjórnun og rekstri heilmikið, auk þess sem tengslin urðu mun víðtækari og dýpri.“ Hreggviður er hluti af hópi fjárfesta, undir forystu Stefnis, dótturfélagss Arion banka, sem er við það að ganga frá kaupum á Kaupási, sem meðal annars rekur verslanir undir merkjum Krónunnar.

heldur fyrir erlenda krónueigendur, kröfuhafa í þrotabú föllnu bankanna þar á meðal. Ég held líka að það þurfi að tala varlega í þessum efnum og ekki gefa sér það að kröfuhafar séu illmenni sem vilji Íslandi allt slæmt. Það er ekki rétt hugsun að mínu mati. Hér hefur sannarlega orðið mikið tjón og það leysast engin vandamál með því að stilla málunum upp með einföldum hætti í gott og vont. Augljóslega getur lausn þessara vandamála haft mikil áhrif á það hvernig Íslandi reiðir af á næstu árum. Ekki síst þess vegna skiptir máli að allir möguleikar séu metnir af ábyrgð, þar á meðal að leysa úr stöðunni í samstarfi við alla þá sem geta lagt okkur lið, aðrar þjóðir og ríkjasambönd þar á meðal. Það þarf að hugsa til þess að endurheimta traust fyrir íslensk fyrirtæki erlendis eins hratt og hægt er. Það er langtímaávinningurinn sem skiptir mestu máli.“

Samspil hins opinbera og einkageirans

Hreggviður segist sannfærður um að Ísland eigi bjarta framtíð til langs tíma litið. En til þess að hér sé gott umhverfi til verðmætasköpunar og sterkrar opinberrar þjónstu þurfi að styrkja hvoru tveggja. „Það hljóta allir að sjá að við getum ekki lifað á því að hafa eftirlit hvert með öðru,“ segir

„Það er langtíma-
ávinningurinn
sem skiptir
mestu máli.“

Hreggviður. Hann segir að opinber þjónusta megi ekki vaxa hraðar en einkageirinn. Ef það gerist sé það vísbending um að ekki sé nægilega mikill kraftur í einkageiranum og þau merki sjáist glögglega núna. „Samhliða fólksfjölgun þurfum við að hugsa um að auka verðmætasköpun og reyna að skapa góða heildarumgjörð um allt hagkerfið, þar sem hið opinbera er skilvirkt í verkefnum sínum og einkageirinn sömuleiðis. Fyrst og fremst þurfum við að einblína á meiri verðmætasköpun og þar eru það fyrirtækin í landinu sem skipta mestu máli, einkageirinn. Gott og stöðugt rekstrarumhverfi er af þessum sökum þjóðþrifamál og nauðsynlegt að það sé fyrir hendi.“


Lífeyrissjóðirnir víða

Eitt af því sem nú einkennir íslenskt efnahagslíf er mikil umsvif lífeyrissjóða. Þeir glíma við áhrif fjármagnshafta sem gera þeim ómögulegt að fjárfesta erlendis, nema með endurfjárfestingu með fé sem bundið er í erlendum eignum. Í þessum aðstæðum hafa lífeyrissjóðirnir orðið langsamlega umfangsmestu fjárfestarnir á hluta- og skuldabréfamörkuðum, og raunar á fleiri eignamörkuðum líka. Þeir eiga allt að helmingi allra skráðra hlutabréfa, bæði beint og óbeint í gegnum hlutdeildareign í sjóðum. Hreggviður segir þessa stöðu mikið umhugsunarefni. „Höftin eru farin að hafa slæm áhrif á hagkerfið og mikil umsvif lífeyrissjóðanna eru til marks um einangrunina sem af þeim stafar. Það er full ástæða til þess að fylgjast grannt með þessari stöðu. Lífeyrissjóðirnir verða einnig að móta skýra stefnu út frá góðum stjórnarháttum um hvernig þeir hafa aðkomu að fjárfestingum sínum, sérstaklega skráðum félögum á markaði.“



Frjáls nauðgun auðlinda

PISTILL



Auður Jónsdóttir
Rithöfundur

I Þýskalandi eru bæði vændi og vændiskaup lögleg. Þannig hefur málum verið háttáð í meira en áratug og því er komin nokkur reynsla á lögleysuna, ef svo má segja. Hún átti jú að stuðla að bættu starfsöryggi vændisfólks, greiða aðgang þess að heilbrigðis-kerfinu og færa þjóðarþúinu skattpeninga. En með þessu móti er verið að normalisera vændi og stuðla að fjölgun vændiskvenna, segja sumir. Og þeir sömu segja að þýska ríkið sé helsti hórungarinn í stærsta hórúhúsi heimsins: Þýskalandi. Þessar raddir urðu háværi eftir að sjónvarpsstöðin ARD sýndi heimildarmynd um vændi í Þýskalandi. Þar höfðu faldar myndavélar tekið upp heldur svarta mynd í dumbrauðum herbergjum hórúhúsanna og við blasir atvinnugrein sem gengur út að gernýta kvenlíkamann. Samkvæmt umfjöllun fjölmiðilsins The Local um þessa heimildarmynd er búið að gera konur að auðlind sem er nýtt til fullnustu.

Hórúhlaðborð

Þýskaland er ekki bara eitt stærsta hórúhús heimsins heldur stefnir það líka í að verða eitt hið ódýrasta. Í Berlín einni eru um fimm hundruð hórúhús og talið er að í Þýskalandi kaupir daglega um ein milljón karlmanna sér þjónustu vændiskonu. Hórúhúsin eru víða um borgina, skammt frá leikskóla sonar míns er til dæmis eitt af þessum vinsælu hórúhlaðborðum. Það kostar 49 evrur að fara á hórúhlaðborð og háma í sig eins margar konur og maður getur í sig látið á klukkutíma eða svo. Sagan segir að fæstir hafi lyst á fleirum en einni eða tveimur, í mesta lagi þremur, þó er gaman að gorta og menn þykjast gjarnan hafa innbyrt meira en þeir gátu. Þeir allra hörðustu borga 99 evrur fyrir nóttina og fylgir þá áfengi með konunum. Hamingjusamur kúnni líkti þýskum hórúhúsum við lágvöruverðskeðjuna Aldi, svipað fyrirbæri og Bónus á Íslandi.

Hórúhlaðborðin eru hákapítalískt fyrirbrigði. Eigendur þeirra þéna á tá og fingri meðan konurnar sjálfar bera skarðan hlut frá borði. Eins hafa þau gengisfellt matseðla úti á götuhornum þannig að nú geta hagsýnir menn jafnvel keypt sér tippasleik fyrir einn Big-Mac. Þetta takmarkalaus frelsi á markaðstorgi vændisins hefur einnig aukið mansal; það auðveldar samviskulausu fólki að víla og díla með auðlindina stúlkur-frá-útlöndum eins og Búlgaríu og Rúmeníu, allt í nafni frelsisins, enda eru erlendar vændiskonur nú í meirihluta, þó að ég þori ekki að fullyrða hversu margar ríði svart og hversu margar borgi skatt.

Neytendur auðlinda

Til hvers eru auðlindir ef ekki til að nýta þær eftir fremsta megni? Til hvers að meta auðlind ómetanlega þegar hægt er að selja hana hratt og ódýrt? Til hvers að huga að vandkvæðum þeim sem geta fylgt skorti á lögum og reglugerðum þegar frelsið seður neytandann á augnabliki? Til hvers að hugsa um framtíðina þegar nóttin er ung? Til hvers að hugsa um börn hórúnnar andspænis girnilegum (en útjöskuðum) líkama hennar?

Að annarri auðlind: íslenskri náttúru.

Undanfarið hefur borið á því að lög og reglugerðir sem eru í burðarliðnum til að vernda íslenska náttúru hafi farið fyrir brjóstið á sitjandi ríkisstjórn, þá einkum og sér í lagi ráðherra umhverfismála. Jafnvel þannig að ætla mætti að maðurinn hefði aldrei heyrt um alþjóðlega sáttmála né mikilvægi þess að þjóðir taki höndum saman í umhverfismálum og lagi til hver í sínum ranni. Að hver þjóð sýni gott fordæmi ef það á að vera einhver von til þess að börn heimsins eygi framtíð fyrir börnin sín.

Náttúruverndarlögin í stuttu máli

Síðast bærust fréttir af því að ráðherra þessum væri uppsigað við náttúruverndarlögin sem áttu að taka gildi 1. apríl 2014.

Í stuttu máli eru nýju lögin bæði umfangsmeiri og heildstæðari en gildandi lög (lögin frá 1999). Með nýju lögunum er verið að leiða nýjar aðferðir inn í íslenska náttúruverndarlöggjöf í því skyni að tryggja betri árangur í náttúruvernd og uppfylla um leið þær skyldur sem Ísland hefur gengist undir með aðild að ýmsum alþjóðlegum samningum. Á undanförunum árum hefur Ísland dregist aftur úr öðrum Evrópuþjóðum á sviði náttúruverndar og er nýju lögunum ætlað að snúa þeirri þróun við. Í lögunum eru lögð fram ítarlegri markmiðsákvæði og meginreglur umhverfisréttar settar í lagabúning. Rauði þráðurinn er að taka upp vinnulag Ríósamningsins um líffræðilega fjölbreytni, eins og aðrar þjóðir hafa gert, en leiðtoga fundurinn um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 2002 hvatti til að allar þjóðir tækju það vinnulag upp eigi síðar en árið 2010. Vinnulagið byggir á svokallaðri vistkerfisnálgun sem beita skal við vernd og nýtingu náttúruauðlinda til lands og sjávar.

Vistkerfisnálgun er aðferð sem miðar að vernd og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda með sanngirni að leiðarljósi. Hún gerir ráð fyrir að fylgst sé með lykilþáttum vistkerfisins og brugðist án tafar við breytingum á þeim. Vistkerfisnálgunin er útfærð í nýju lögunum með áherslu á skipulega skráningu og flokkun náttúrunnar, áætlanir um skipulega vernd hennar, t.d. með neti verndarsvæða, og á árangursríka vöktun lykilþátta lífríkisins. Lögin byggja á faglegum og traustum grunni sem lagður var með viðamikilli skýrslu: Náttúruvernd, hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands – en hún kom út í ágúst 2011 eftir nokkurra ára undirbúningsstarf. Þessu starfi og nýju lögunum vill ráðherra umhverfismála kasta fyrir róða og byrja upp á nýtt en færir ekki rök fyrir þeirri ákvörðun sinni. Segir bara að í lögunum sé of mikið um boð og bönn. Eitthvað svipað sögðu eigendur þýskra hórúhúsa á sínum tíma.

Almannaréttur vikur fyrir jeppum

Í lögunum er almannaréttur styrktur, stjórnsýsla náttúruverndar styrkt og náttúruminjasrá á samt framkvæmda-áætlun gerð að meginstjórnþæki náttúruverndar á Íslandi. Þar er jafnframt brugðist við hættu sem fylgir innflutningi jafnt sem dreifingu framandi lífvera og stjórnvöldum veittar auknar heimildir til að bregðast við brotum gegn ákvæðum laganna. Fleira mætti nefna ...

Það sem helst virðist fara fyrir brjóstið á nýja ráðherranum er að í lögunum er brugðist við akstri utan vega, sem hefur verið mikið vandamál og erfitt að taka á vegna veikra lagaákvæða. Einnig virðist hann hafa samúð með skógræktarfólki sem vill engar hömlur á athafnir sínar í íslenskri náttúru. Það vill fá að planta hverju sem er hvar sem er án afskipta annarra eða nokkurs samráðs, athæfi sem getur ógnað íslenskri náttúru. Ráðherrann virðist líka andvígur því að styrkja vernd tiltekinna vistgerða, vistkerfa og jarðminja eins og lögin gera ráð fyrir; kannski vegna þess að hann vill sem minnstar hömlur á framkvæmdir athafnamanna.

Ef lögin taka ekki gildi mun Ísland halda áfram að dragast aftur úr öðrum þjóðum á sviði náttúruverndar; þannig stendur þjóðin ekki við alþjóðlegar skyldur sínar með fullnægjandi hætti. En skiptir það máli? Skiptir nokkuð annað máli en augnabliks fullnægja? Af hverju megum við ekki bara riðlast á íslenskri náttúru á stóra jeppanum okkar? Af hverju er ekki sniðugt að gróðursetja pálmatré á Látrabjargi?

Vestrænt svall

Ráðherra umhverfismála setur einnig sáttina sem náðist um flokkun virkjunarkosta í uppnám og hunsar þannig margra ára þverfaglegt starf vísindamanna. Hann krefst þess að verkefnastjórn rammaáætlunar endurskoði átta virkjunarkosti hið bráðasta með það fyrir augum að koma þeim strax í nýtingarflokk. Þar á meðal eru Þjórsárvirkjanirnar þrjár sem settar voru í biðflokk vegna skorts á gögnum um laxfiska í ánni. Jafnframt stöðvar hann friðun svæða í verndarflokki sem kveðið er á um í samþykkt Alþingis og þar ber stækkun friðlandsins í Þjórsárverum hæst.

Einhvern veginn finnst mér að bæði ráðherra umhverfismála og ríkisstjórninni sé sama um öll börnin sem Alþingi á að þjóna. Mér finnst hugsun valdamanna, ef hægt er að tala um hugsun, ná álíka langt og augnabliksgredda hórungangans. Greddan í peninga. Greddan í ágóða augnabliksins, sama hvað hann kostar. Sama hvern það á eða eftir kosti allt sitt. Kannski er fátt vestrænna en fyrirbrigðið eins-og-þú-getur-í-þig-látið-hlaðborð: að éta á sig gat og gefa skít í uppruna hráefnisins, allt sem heitið getur lífræun vottun, bara af því maður getur það. Kaupa nánast sjálfdauda kjúklinga í tíu rotvarnarefnasósum og fara síðan í vinnuna til að selja framtíð barnanna sinna fyrir góðan jeppatúr.

Það er ókurteisi að líkja valdamönnum við hórungangara. Líklega ber það ekki vott um mikla ættjarðarást, að þeirra mati. Gæti stuðlað að sundrunu þjóðar. Svo kannski er betra að segja að þeir séu fulltrúar gamla tímans, stignir inn í nýja tíma. En svo eru alltaf þeir sem segja að náttúran sé auðlind sem beri að gernýta til fullnustu. Þannig sé nútíminn. Þannig séu endalokin.



LISTMUNAUPPBOÐ

Erum að taka á móti verkum
á næsta uppboð sem fer fram í lok október

Við leitum að verkum eftir frumherjana í íslenski myndlist.

Sérstaklega eftir Ásgrím Jónsson, Jóhannes S. Kjarval,
Kristínu Jónssdóttur, Louisu Matthíasdóttur, Þórarinn B. Þorláksson,
Svavar Guðnason og Nínu Tryggvadóttur. Ennfremur er mikil
eftirspurn eftir verkum Georgs Guðna, Kristjáns Davíðssonar,
Gunnlaugs Blöndal og Gunnlaugs Scheving.

GALLERÍ FOLD

Rauðarárstíg 14 • myndlist.is

Áhugasamir geta haft samband í síma 551-0400



Gúgglið og þér munið finna?

TÆKNI
Þórlaug Ágústs dóttir

Sérstaða mannkyns sem dýrategundar og lykillinn að líffræðilegri velgengni okkar liggur í aðlögunarhæfni mannskepnunnar. Mannsheilinn er frá náttúrunnar hendi leitandi skilningsmaskína. Hugur okkar leitar lausna; við skönnum umhverfi okkar, leitum svara við spurningum; rennum yfir innkaupalistann, verkefni dagsins, hvað eigi að gefa barninu í afmælisgjöf og hvernig skuli klæðast eftir veðri. Leit og upplýsingaúrvinnsla er svo inngrædd í okkur að við tökum varla eftir því þegar hún á sér stað; hún er hluti af mennsku og mannlegheitum okkar.

Hugfræði eða skilningsfræði (e. cognitive science) er til-
tölulega ný fræðigrein sem hefur veitt fræðilega innsýn í

innri virkni mannhugans, meðal annars að mannsheilinn er í nær stöðugri móttöku og gagnavinnslu; og að innan hans eiga sér stað ósjálfráð hugsanaferli sem þarf meðvitund og æfingu til að hafa áhrif á. Upplýsingasamfélagið og nútímatækni reynir á skynfærin, vinnsluminnið og mannhugann á nýjan og krefjandi hátt og viðmót tækninnar þarf að sníða að úrvinnsluhæfileikum mannsins – þar á meðal leitinni að svörum.

Upplýsingasamfélagið

Í upplýsingasamfélaginu er gagnaleit og fundvísi mikilvægari en nokkru sinni fyrr, en internetið var, eðli málsins samkvæmt, skapað til að deila gögnum. Fyrstu íbúar netheima muna þá tíð þegar skortur á upplýsingum og heimasíðum var helsta vandamálið, en síðustu 10-15 árin hefur gagnavandi vefsins mun frekar snúist um að finna réttar og áreiðanlegar upplýsingar í því ógnarmagni af gögnum sem flæðir um upplýsingahraðbrautina á hverjum degi.

Enginn er eyland

Internetið er sérstaklega mikilvægt fyrir Íslendinga sem eyþjóð en árangurinn sýnir að íslensk vef fyrirtæki eru meðal þeirra fremstu í heiminum (og það án þess að beita höfðatölureglunni). Þessa velgengni má ekki síst rekja til öflugs fræðslustarfs þekkingariðnaðarins, en í síðustu viku hélt veflausnasvið TM Software vinnustofu um leitarvélabestun með hinni fund-vísu Vanessu Fox, höfundu bókarinnar Marketing in the Age of Google.

Ferill Fox er um margt áhugaverður, hún vann um skeið hjá Google þar sem hún leiddi [Google Webmaster Central](#) og er þekkt nafn í netheimum/nördheimum fyrir nálgun sína á viðfangsefnið vefleit. Fox seldi nýlega stofnhlut sinn í ráðgjafar- og hugbúnaðarfyrirtækinu Nine by Blue, bloggar fyrir [Search Engine Land](#) og nýtur þess nú að ferðast um heiminn og miðla af þekkingu sinni.

„TM Software stóð fyrir vinnustofunni með Vanessu Fox í þeim tilgangi að mennta og upplýsa viðskiptavinum okkar og

Mannkynið á internetinu



90%

internetnotenda nota samfélagsmiðla. Sama hlutfall notar leit daglega, jafn margir og nota tölvupóst.



60%

internetnotenda nota þá nær daglega.



10%

mannkyns nota Google í hverjum mánuði.

Árlegur fjöldi Google-leita er

1.873.910.000.000

sem gerir

263,93

leitir á hvern jarðarbúa á ári.

5.134.000.000


er því meðalfjöldi Google-leita á dag.

Aðeins í iPad!



Smelltu á tölur til að heyrna hvað þær eru stórar

ÞEKKTUR UPPRUNI VEFUMFERÐAR



Um **14%** Íslendinga eru „innfædd í tölvuheiminn“ (e. digital natives), enn fleiri kalla sig netverja (e. netizens)



Töl úr bók
Vanessu Fox

aðra sem vinna í vefgeiranum um nýjar nálganir á leitarvélabestun. Því fleiri sem eru vel að sér í leitarvélum og notendamiðaðri hönnun, þeim mun meiri árangri náum við í þeim verkefnum sem við tökum að okkur,” sagði Soffía Kristín Þórðardóttir, forstöðumaður Veflausna TM Software.

Fullt var út úr dyrum á vinnustofunni í Hörpu síðastliðinn föstudag, þegar Kjarninn náði tali af Vanessu Fox. Líkt og margir netverjar er hún ‘young beyond her years’ og alþýðleg í samskiptum, en hér er tvímælalaust á ferð fagmaður sem talar tæpingulaust og af miklu innsæi um leit og fund-vísi.

Ný nálgun á netumferð

Í Hörpu var samankominn stór hópur vefstjórnenda sem flestir áttu það sameiginlegt að vera eyjarskeggjar í vefútrás, meðvitaðir um mikilvægi réttrar vefstefnu fyrir íslensk fyrirtæki á alþjóðlegum samkeppnismarkaði.

Markaðssetning á internetinu var um árabíl talin kapphlaup um internettraffík; það var talið markmið í sjálfu sér að lokka eins marga gesti inn á heimasíðuna og mögulegt var, án þess að skeyta of mikið um það hvernig allar þessar heimsóknir gögnuðust notendum eða fyrirtækinu sjálfu. Vanessa Fox leggur áherslu á nýja nálgun á vefumferð og leitarvélabestun. Hún er hluti af notendamiðjaðri hönnunarbylgju (e. user centric design) sem leggur áherslu á að vefir séu uppsettir út frá notandanum og geri það að höfuðmarkmiði að veita notendum það sem þeir leita að. Þessi nálgun er kunnuglegt stef þegar kemur að hönnun og efnisframsetningu en Fox yfirfærir hugmyndafræðina á allar hliðar leitarvélabestunar, allt frá aðferðafræði, stefnumótun og forgangsröðun að tæknimálum, efnisvinnslu og framkvæmd.

Þeir sem nú vilja skara fram úr og ná inn umferð af leitarvélum þurfa fremur að leggja áherslu á að draga til sín réttu notendurna, ekki fjölda fjöldans vegna. Málið snýst um að lokka réttu notendurna inn á vefsvæðið og veita þeim þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda með góðri hönnun og vönduðu efni. Gagnvart notandanum þurfa lausnir að vera



Fyrir leitandi vef-
farendur bendir
Vanessa Fox á
leitaraðstoð

„augljósar“ og „eðlislægar“, að fólk sé leitt áfram skref af skrefi í samræmi við þarfir sínar – að vefstjórinn finni leið til að sameina markmið fyrirtækisins og þarfir notandans – hugsu út frá sjónarhorni notandans.

Hér er veffræðin farin að reiða sig mikið á niðurstöður hugvísinda, vefumferðargreiningar og notendaprófana. Sjálf segir Vanessa Fox: „Ég trúi því að fyrirtæki eigi að leysa vandamál notandans, reyna að skilja hann og svara þörfum hans. Hjá Google og á vefnum almennt er stöðugt verið að reyna að sérsníða viðmótið að notandanum til að þjóna honum sem best.“

Á undanförunum árum hefur Google breytt nálgun sinni til leitar og leitarniðurstaðna og lagt aukna áherslu á viðmótsaðlögun og sérsniðnar leitarniðurstöður til jafns við „klifrara“ (crawlers) og algrím. Ágætt dæmi um þetta er breytingar á framsetningu á niðurstöðum úr vefleit út frá þeim gögnum sem Google hefur um notendur í gegnum Google-Search/Chrome/Analytics/Adwords/Gmail/Google+. Google hefur eignarrétt á ótrúlega yfirgripsmiklum upplýsingum um notendur og vefumferð heimsins í gegnum þjónustu sína. Nýting þessara gagna er enn á frumstigi en augljóst er að Google ætlar sér stórt hlutverk á interneti framtíðarinnar og verður fróðlegt að fylgjast með framvindunni á næstu misserum.



Mestu breytingar í áratugi fram undan

ÁLIT



Jón Finnbogason
Forstöðumaður
skuldabréfa hjá Stefni

Aðkoma lífeyrissjóða að fjármögnun heimilanna í landinu fer að langmestu leyti fram með milligöngu Íbúðalánasjóds og með sjóðfélagalánnum. Í nýfluttri stefnuræðu forsætisráðherra voru boðaðar grundvallarbreytingar á íslenskum fjármálamarkaði, meðal annars breyting úr verðtryggðu kerfi yfir í óverðtryggt og endurskoðun húsnæðiskerfisins, sem munu fela í sér einhverjar umfangsmestu umbætur sem ráðist hefur verið í á Íslandi um áratuga skeið.

Ýmislegt hefur þó áður komið fram um boðaðar breytingar á húsnæðislánakerfinu. Skilvirku húsnæðislánakerfi er ætlað að miðla fjármunum frá þeim sem eiga fé til þeirra sem taka húsnæðislán eða í leiguíbúðakerfi. Um verulega hagsmuni er að ræða fyrir fjölskyldur í landinu. Almenn umræða um hvernig hið breytta kerfi mun miðla fjármagni frá til dæmis lífeyrissjóðum til fjölskyldna í landinu er nauðsynleg, ekki síst ef breytingarnar verða jafn umfangsmiklar og forsætisráðherra gefur til kynna.

Fjármögnun húsnæðislána margfaldast

Eign lífeyrissjóða á sjóðfélagalánnum og kröfum á Íbúðalánasjóð hefur margfaldast frá byrjun árs 1997. Þá áttu þeir sjóðfélagalán að verðmæti 39 milljarðar en í júlí 2013 var sú fjárhæð komin í 177 milljarða. Sjóðfélagalánin fóru þó úr því að vera 12,6% niður í 7% sem hlutfall af heildareignum þeirra. Á sama tíma hækkuðu eignir lífeyrissjóða í skuldabréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði úr 73 milljörðum í 662 milljarða, úr því að vera 23,4% af hreinni eign til greiðslu lífeyris í 26,1%. Í júlí 2013 áttu lífeyrissjóðir því samtals 839 milljarða í sjóðfélagalánnum og lánnum til Íbúðalánasjóds. Er það 33% af eignum lífeyrissjóðanna í lok júlí. [Sjá mynd hér.](#) Núverandi sviðsmynd má því sjá á [meðfylgjandi mynd hér.](#)

Framangreindur þriðjungur af eignum lífeyrissjóðanna er verðtryggðar eignir. Segja má að hingað til hafi ekki gengið vel að selja lífeyrissjóðum óverðtryggð langtímaskuldabréf. Boð um umfangsmiklar breytingar á okkar húsnæðislánakerfi úr verðtryggðu yfir í óverðtryggt ásamt grundvallarbreytingu á uppbyggingu kerfisins sjálfs munu augljóslega hafa áhrif á fjárfestingar lífeyrissjóða og miðlun fjármagns frá þeim til fjölskyldna í landinu. Ný húsnæðislán Íbúðalánasjóds, bankanna og lífeyrissjóða voru t.d. 67 milljarðar á árinu 2012 og því augljóslega um gríðarlega hagsmuni að ræða, til skemmri og lengri tíma. [Sjá mynd hér.](#)

Fjármögnun húsnæðislána almennt

Eins og að framan greinir fer fjármögnun húsnæðislána að stærstum hluta fram í gegnum Íbúðalánasjóð. Varðandi bankana eru húsnæðislán þeirra fjármögnuð með innlánnum og að einhverju leyti með útgáfu á sértryggðum skuldabréfum, sem þeir hafa allir þrír gefið út. Sjóðfélagalán lífeyrissjóða eru fjármögnuð með sjóðsmyndun þeirra sjálfra. Sértryggð skuldabréf eru í dag mest notaða form á fjármögnun húsnæðislána í Evrópu og annars staðar á Norðurlöndum.

Hertar reglur vegna húsnæðislána

Innan Evrópusambandsins hefur lengi farið fram umræða um að herða reglur vegna húsnæðislána. Liggja fyrir drög frá 2011 að tilskipun um fasteignaveðlán með ítarlegum reglum um undirbúning, úrvinnslu og öflun upplýsinga í aðdraganda lánveitinga. Stefnt er að því að allir sem veiti fasteignaveðlán starfi á grundvelli sameiginlegra reglna sem eru eins fyrir alla þátttakendur á húsnæðislánamarkaði.

AGS hefur mælt fyrir einfaldara húsnæðislánakerfi

Í skýrslum Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins frá 2004 og 2005 lagði sjóðurinn meðal annars áherslu á að Íbúðalánasjóður einbeitti sér að félagslegu hlutverki sínu en ekki samkeppni við bankana, að Íbúðalánasjóður legði áherslu á fjármögnun húsnæðislána fyrir allan fasteignamarkaðinn (heildsölubanki) og að ríkisaðstoð yrði takmörkuð við að tryggja húsnæði fyrir þá sem væru með lágar tekjur og húsnæði utan þéttbýliskjarna.

Tillögur í anda þess sem fram kemur hjá ESB og AGS

Í október 2012 skilaði þriggja manna hópur sérfræðinga skýrslu til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra um Heildarumgjörð um fjármálastöðugleika á Íslandi. Hópin skipaði Jón Sigurðsson, meðal annars fyrrverandi seðlabankastjóri og ráðherra, Garvin Bingham, meðal annars fyrrverandi framkvæmdastjóri starfssviðs Alþjóðagreiðslubankans í Basel (BIS), og Kaarlo Jannari, fyrrverandi forstjóri finnska fjármálaeftirlitsins. Þar kemur meðal annars fram að;

- Hvorki Íbúðalánasjóður né lífeyrissjóðir séu skuldbundnir til þess að fylgja að öllu leyti sömu reglum og önnur fjármálafyrirtæki og að það standi augljóslega í vegi fyrir sanngjarnri samkeppni.
- Lífeyrissjóðir ættu að leggja áherslu á langtímafjárfestingar frekar en bein útlán til einstakra heimila og fyrirtækja.
- Viðskiptabankar gætu sinnt hlutverki Íbúðalánasjóds er varðar húsnæðislán gegn fasteignaveði til einstakra íbúðareigenda.
- Hlutverk ríkisstofnunar við fjármögnun íbúðarhúsnæðis ætti að takmarkast við að veita viðskiptabönkum heildsölufjármagn og veita niðurgreidda fjármögnun til félagslegra íbúða fyrir tekjulágar fjölskyldur.

Skýrslunni var fylgt eftir í febrúar 2013 þegar atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra lagði skýrslu fyrir Alþingi þar sem boðað var að skipa nefndir til að bæta heildarumgjörð laga og reglna um íslenskt fjármálakerfi. Þar kom meðal annars fram að öll fyrirtæki sem veittu fjármálaþjónustu ættu að falla undir sameiginlegar kjarnareglur fyrir samþærilega starfsemi. Varðandi húsnæðislán var boðað að setja ætti sjálfstæða löggjöf um veðlán sem byggð yrði á neytendalánatilskipun ESB en þó einkum á tillögu framkvæmdastjórnarinnar um veðlán tryggð í íbúðarhúsnæði og að um starfsleyfisskylda starfsemi yrði að ræða. Auk þess að veðhlutföll yrðu takmörkuð við 80% til þess að lánveitendur gætu gefið út sértryggð skuldabréf sem tryggð væru með veði í lánasafninu.

Endurbætur húsnæðislánakerfis náteigd vanda ÍLS

Í apríl 2013 var lögð fram skýrsla starfshóps á vegum Velferðarráðuneytisins um framtíðarhorfur og framtíðarhlutverk Íbúðalánasjóds. Þar var lagt til að dregið yrði úr umfangi Íbúðalánasjóds í veitingu nýrra fasteignalána á samkeppnismarkaði og gert ráð fyrir að rekstur sjóðsins myndi dragast jafnt og þétt saman meðan umsvif fjármálafyrirtækja ættu að aukast. Lögð var áhersla á að dregið yrði úr ábyrgð ríkisins á skuldbindingum sjóðsins og í þeim efnum lagt til að stofnaður yrði heildsölubanki sem hefði það meginhlutverk að sjá um skuldabréfaútgáfu til að fjármagna íbúðarkaup á íslenskum húsnæðismarkaði í heild sinni með útgáfu sértryggðra skuldabréfa sem ekki nytu ríkisábyrgðar.

Núverandi ríkisstjórn byggir á fyrri hugmyndum

Eitt fyrsta verk núverandi ríkisstjórnar var að leggja fyrir Alþingi þingsályktunartillögu um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi. Þar kom fram að skipa skyldi verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála. Í þingsályktunartillögunni kemur meðal annars fram að verkefnisstjórnin skuli meðal annars horfa til fyrirmynda frá Norðurlöndunum og skýrslu starfshóps um framtíðarhorfur og hlutverk Íbúðalánasjóds sem fjallað var um hér að framan.

Það er því ljóst að framangreindan aðdraganda á að nýta mjög vel og að verkefnisstjórnin fær gott veganesti sem orðið hefur til á undanförunum misserum. Veganesti sem gefur okkur vísbendingu um hvaða breytingar eru í vöndum.

Það er því ljóst að framangreindan aðdraganda á að nýta mjög vel og að verkefnisstjórnin fær gott veganesti sem orðið hefur til á undanförunum misserum. Veganesti sem gefur okkur vísbendingu um hvaða breytingar eru í vöndum.

Hugsanleg þróun

Tillögur verkefnisstjórnarinnar verða lagðar fram í byrjun næsta árs. Núverandi ríkisstjórn hefur ekki gefið mikið upp um hvaða breytingar eru væntanlegar ennað en að þær verða umfangsmiklar. Tillögurnar gætu þó falið í sér að;

- Sértryggð skuldabréf leiki lykilhlutverk í tillögnum varðandi fjármögnun húsnæðislána og þá án ríkisábyrgðar.
- Breyta þurfi fjárfestingarheimildu lífeyrissjóða, með tilliti til séreinkenna sértryggðra skuldabréfa, þannig að heimildir þeirra til þess að kaupa slík skuldabréf verði rýmkaðar.
- Beinar lánveitingar lífeyrissjóða til sjóðfélaga verði líklega að starfsleyfisskyldri starfsemi og/eða verulegar kvaðir settar á starfseminna. Ekki er víst að lífeyrissjóðum verði heimilt að lána beint og eða hvort það verði hagkvæmt með tilliti til aukinna kvaða sem leiða af nýjum reglum.
- Vægi Íbúðalánasjóds í almennum húsnæðislánnum og útgáfu á skuldabréfamarkaði minnki verulega. Sjóðurinn muni einbeita sér að félagslegum þáttum húsnæðismarkaðarins. Ekki verður gefið út meira af óuppgræðanlegum skuldabréfum Íbúðalánasjóds með ríkisábyrgð.
- Tillaga verður sett fram um að stofna heildsölubanka. Hins vegar verður ólíklegt að hann verði stofnaður með aðkomu allra bankanna þriggja og Íbúðalánasjóds saman. Mögulega verður einn slíkur banki stofnaður og þá jafnvel með aðkomu lífeyrissjóða.

Breytta sviðsmynd má sjá á [meðfylgjandi mynd hér.](#)

Hvað sem þessum vangaveltum líður er ljóst að lagðar verða fram tillögur að grundvallarbreytingum á húsnæðislánakerfinu. Erfitt getur verið að segja til um hverjar þær verða nákvæmlega. Það verður þó ekki gert nema í sátt við lífeyrissjóði og hvort að þeir muni fjárfesta í óverðtryggðum skuldabréfum fyrir einn þriðja af sínum heildareignum skal ósagt látið, sérstaklega þegar skuldbindingar þeirra sjálfra eru í raun verðtryggðar.

„Sértryggð skuldabréf eru í dag mest notaða form á fjármögnun húsnæðislána í Evrópu og annars staðar á Norðurlöndum.“

Í hvert skipti sem þú kaupir flösku af Toppí, gefur þú 3 LÍTRA af hreinu vatni til Afríku.

 Rauði krossinn

**SLÖKKTU MEIRA
EN ÞINN
EIGIN ÞORSTA**

1 TOPPUR
3 LÍTRAR AF
VATNI TIL AFRÍKU



toppur
LÉTT KÖLSREIÐ

LÉTT KÖLSREIÐ



Nánari upplýsingar á:
facebook.com/toppur



Greiningar gegn svikum

ÁLIT



Arnar Jónsson og Brynjólfur Borgar Jónsson
Ráðgjafar hjá Capacent

Ríkisstofnanir sem annast mat á bótarétti og greiðslur til einstaklinga vegna bóta almanna-trygginga þekkja mikilvægi þess að stunda virkt eftirlit til að lágmarka umfang villna, svika og annarra frávíka. Það sama gildir um þær stofnanir ríkisins sem sjá um álagningu skatta og opinberra gjalda. Þá eru það sveitarfélögum í hag að geta átt skilvirkt og gott samstarf við ofangreind yfirvöld þar sem mestu skipta heimildir í lögum um samkeyrslu opinberra skráa sem upplýsa um réttindi, greiðslur bóta og álagningu gjalda.

Tryggingafyrirtæki hafa lengi verið leiðandi á því sviði að beita tölfræðilegum greiningum til þess að greina og koma upp um tryggingasvik.

Greiningum gegn svikum er ætlað að gera eftirlit skilvirkara og árangursríkara og fækka tækifærum til svika af umfangi sem ekki er unnt að ná með hefðbundnu eftirliti þar sem eingöngu mannhöndin kemur við sögu.

Við greiningar gegn svikum (e. fraud analytics) er tölfræðilegum greiningaraðferðum beitt á gögn þar sem leitað er að mynstrum sem komið geta upp um sviksamlegt atferli, misnotkun og önnur óvenjuleg tilfelli sem finnast í kerfum þar sem greiðslur eiga sér stað. Meginkostur þess að beita slíkum aðferðum er sá að með skilvirkri mótun og innleiðingu á þeim grunni er hægt að draga úr handavinnu og tryggja gæði þeirra ábendinga um frávik sem koma fram.

Skýrsla RE um eftirlit með bótagreiðslum


Í febrúar síðastliðnum kom út skýrsla Ríkisendurskoðunar til Alþingis um eftirlit Tryggingastofnunar (TR) með bótagreiðslum. Þar kemur fram að ekki sé sérstök ástæða til að ætla annað en að bótasvik hérlendis séu svipuð og í nágrannaríkjum og telur stofnunin að þau geti því verið á bilinu 2,0-3,4 milljarðar á ári. Í skýrslunni kemur fram að TR hafi miklu takmarkaðri lagaheimildir til að stunda markvisst eftirlit og samnýta persónuupplýsingar frá öðrum ríkisstofnunum og sveitarfélögum en systurstofnanir TR á Norðurlöndunum.

Meginniðurstaða skýrslu Ríkisendurskoðunar er að mikilvægt sé að efla og styrkja heimildir og getu TR til þess að greina og í kjölfarið afhjúpa bótasvik þannig að tryggt sé að einungis þeir sem eigi rétt á bótum njóti þeirra. Ávinning af slíku væri unnt að nýta til annara verkefna hjá ríkinu eða innan almannatryggingakerfisins. Ef samhliða ættu sér stað úrbætur á lagagrunni sem tryggði frekari heimildir til samnýtingar persónuupplýsingar milli stofnana ríkisins og milli stjórnsýslustiga væri unnt að auka ávinninginn enn frekar öllu samfélaginu til hagsbótar.

Greiningar gegn bótasvikum

Með innleiðingu greiningarferla sem byggja á þekkingu og reynslu starfsmanna stofnana og þekkingu í tölfræði, gagnanámi (e. data mining) og gervigreind (e. artificial intelligence) hefur náðst verulegur árangur í baráttu gegn svikum sem hefur sparað fyrirtækjum og stofnunum háar fjárhæðir en einnig bætt þjónustu til þeirra sem umgangast kerfin á heiðarlegan hátt. Þar gegna greiningar gegn svikum lykilhlutverki.

Einfalt dæmi um greiningar gegn svikum er aðferð sem byggir á lögmáli Benfords. Lögmál Benfords lýsir eiginleikum talna (e. numerical lists) sem eiga uppruna að rekja til raunverulegra atburða, þannig að tölurnar eru ósviknar. Tíðni fyrsta tölustafs í slíkum talnarunum fylgir ekki einsleitri (e. uniform) dreifingu eins og margir búast við heldur kemur tölustafurinn 1 fyrir í um 30% tilfella, töl-



stafurinn 2 í um 18% tilfella o.s.frv. Í um 5% tilfella er fyrsti tölustafurinn 9.

Þeir sem stunda falsanir á tölulegum upplýsingum hafa flestir ekki hugmynd um þennan eiginleika talna og skilja þannig eftir vísbendingu um svik sín þótt hún sé ekki augljós leikmönnum. Eftirlitsaðilar bera þá talnarunu sem til skoðunar er, til dæmis upphæð reikninga, við vænta dreifingu samkvæmt lögmáli Benfords. Ef misræmi kemur fram er það sterk vísbending um að ekki sé allt með felldu og að nánari skoðun þurfi að fara fram.

Um tvær megináðferðir er að ræða við greiningar gegn svikum. Annars vegar eru greiningar byggðar á þekktum tilfellum svika og hins vegar greiningar þar sem leitað er að óvenjulegum tilfellum eða frávikum. Síðari aðferðinni er einkum beitt þegar þekkt tilfelli svika liggja ekki fyrir í nægilegu magni.

Ávinningur

Innleiðing greininga gegn svikum gerir stofnunum kleift að leita markvisst að frávikum og getur því skilað umtalsverðum fjárhagslegum ávinningi, sérstaklega þar sem umfang greiðslna er mikið. Þar sem núverandi eftirlit byggir á tímafekri handavinnu og einföldum eftirlitsreglum verður ávinningurinn mestur.

Aðferðirnar sem hér er lýst hafa verið innleiddar víða erlendis með miklum árangri. Í opinbera geiranum hafa þær einkum verið innleiddar í eftirliti með kerfum þar sem umfang greiðslna er mikið. Má þar helst nefna skattkerfi og almannatryggingar.

Það er verkefni þeirra sem bera ábyrgð á kerfum þar sem svik geta átt sér stað að beita markvissum aðferðum til að draga úr tækifærum einstaklinga til að svíkja, hvort sem um er að ræða skipulögð og umfangsmikil svik eða umfangsminni tækifærissvik. Reynslan hefur sýnt að tölfræðilegar greiningar gegn svikum eru afar áhrifarík leið til þess.

„Það er verkefni þeirra sem bera ábyrgð á kerfum þar sem svik geta átt sér stað að beita markvissum aðferðum til að draga úr tækifærum einstaklinga til að svíkja ...“

Sjálfstætt Skotland?

Nýtt smáríki í Norður-Evrópu

An Independent Scotland? A new Northern European small state



Staða Skotlands í ljósi mögulegs sjálfstæðis

The Geopolitics of an Independent Scotland

Angus Robertson, þingmaður skoska þjóðarflokksins

Angus Robertson mun fjalla um það hlutverk sem sjálfstætt Skotland myndi leika á svæðinu með því að skilgreina utanríkis- og varnarstefnu þess. Robertson mun einnig fjalla um væntanlega þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði Skotlands almennt og ræða atburði sem leiddu til hins sögulega Edinborgar samkomulags. Hann mun jafnframt setja málið í samhengi við áskoranir og tækifæri sem snerta Skotland og nágranna þess.



Angus Robertson

Skosk varnarstefna: Innleiðing á norrænu módeli í sjálfstæðu Skotlandi?

Scottish Defence Policy: Adapting a Nordic Model in An Independent Scotland?

Colin Fleming, fræðimaður við háskólann í Edinborg

Sjálfstætt Skotland yrði skilgreint sem smáríki í Norður-Evrópu og myndi þar af leiðandi vera í gjörólíkri stöðu en Bretland þegar kemur að öryggis- og varnarmálum. Í erindinu mun Colin Fleming fjalla um hvað þarf til þess að afmarka öryggisstefnu fyrir smáríki í Norður-Evrópu og skoða reynslu Norðurlandanna varðandi það hvernig hægt er að byggja upp nútímalegan her í smáríki. Erindi hans byggir á grein sem hann skrifaði ásamt Mikkel Vedby Rasmussen.



Colin Fleming

Að erindum þeirra loknum taka við pallborðsumræður ásamt Stefáni Pálssyni, sagnfræðingi, Kötlu Kjartansdóttur, MSc í þjóðernisfræðum og Þórði Snæ Júlíussyni, ritstjóra Kjarnans, en þau hafa öll stundað nám í Skotlandi.



Mörg ár í að rannsóknum ljúki



Sérstakur saksóknari



Smelltu til að lesa
fréttatilkynningu
Fjármálaeftirlitsins

Mörg ár munu líða þar til öll kurl verða komin til grafar í málum er tengjast hruni fjármála-kerfisins sem embætti Sérstaks saksóknara hefur til rannsóknar. Óvissa ríkir um hversu langur tími mun líða þar til rannsókn lýkur í mörgum þeirra mála sem embættið hefur til rannsóknar. Einkum og sér í lagi er óvíst hversu hratt mál geta unnist þar sem gögn að utan, einkum frá Lúxemborg, eru mikilvæg til þess að ljúka málunum. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra fundaði í gær með starfsfólki embættisins þar sem meðal annars var rætt um starfsemi þessi og stefnu til framtíðar litið.

Mikið umfang

Eins og greint var frá í Kjarnanum í síðustu viku er langt í að umfangsmiklum rannsóknum á sex umboðssvikamálum er tengjast hinum fallna Landsbanka ljúki, þar sem gögn munu ekki berast frá Lúxemborg á þessu ári. Af þeim sökum er langt í að rannsóknum ljúki og málin fari í kjölfarið í ákærumeðferð. Þrátt fyrir að fjárveitingar til embættis Sérstaks saksóknara minnki á næsta ári samkvæmt fjárlögum verður brugðist við því ef ljóst þykir að embættið muni þurfa meiri tíma og fjármagn til þess að ljúka vinnu sinni.

Ef rannsóknir mála dragast fram yfir næsta ár, og þörf er á fjármagni til þess að ljúka þeim, mun embættið fá viðbótarfjárframlag úr ríkissjóði til þess að ljúka rannsóknum?

„Áætlanir sem hafa verið til staðar varðandi starfsemi sérstaks saksóknara standa óbreyttar, bæði hvað varðar rannsóknir mála og fjármagn. Rannsóknum mála þarf að sjálfsögðu að ljúka, hvort sem sérstakur saksóknari nær að ljúka þeim á sínum starfstíma eða einhver mál þarf að klára á vettvangi þeirra stofnunar efnahagsbrota sem áætlað er að taki við af sérstökum saksóknara. Rétt er að benda á að upphaflega var gert ráð fyrir því að embætti Sérstaks saksóknara myndi starfa frá 1. janúar 2009 til 1. janúar 2013 en síðar var ákveðið, að tillögu embættisins, að starfrækja embættið út árið 2014. Það stendur ekki til að gera neinar breytingar á því, frekar en þeim



Innanríkisráðherra

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra fundaði í gær með starfsfólki embættis Sérstaks saksóknara.

fjárframlögum sem áætlanir gerðu ráð fyrir.

Ef í lok síðasta starfsárs sérstaks saksóknara kemur í ljós að enn er mörgum málum ólokið verður óskað tillagna frá embættinu um hvernig framhaldinu verði best hagað. Ákvörðun um það fyrirkomulag verður einnig að taka mið af niðurstöðu nefndar, sem starfar nú undir forsæti Sigurðar Tómasar Magnússonar hrl. og hefur það hlutverk að meta hvert endanlegt fyrirkomulag efnahagsbrotarannsóknna verður. Sú nefnd mun skila ráðuneytinu skýrslu á næstu

vikum og í framhaldi af því hefst vinna við útfærslu tillagna um framtíðarfyrirkomulag þessa," sagði Hanna Birna við fyrirspurn Kjarnans.

Danir enn að rannsaka brot frá 2008

Efnahagsbrot geta verið lengi í rannsókn og dæmi að utan staðfesta það. Hinn 2. október síðastliðinn voru ákærur birtar æðstu yfirmönnum nokkurra danskra banka og fjármála-fyrirtækja. Ákærurnar snúa að umboðssvikum, fjársvikum og markaðsmisnotkun. Meint brot áttu sér stað árið 2008. Meðal þeirra ákærðu eru fyrrverandi bankastjóri EBH-bankans, Finn Strier Poulsen, og Morsø-sparisjóðsins, Jørn Balch Christensen. Einnig er Egon Korsbæk, fyrrverandi stjórnarformaður EBH, ákærður fyrir aðild að málinu. Málin hafa verið í rúmlega fimm ár í rannsókn. Í fréttatilkynningu frá saksóknara efnahagsbrota í Danmörku vegna málanna kemur fram að fleiri mál, sem rekja megi til ársins 2008, séu til rannsóknar en ekki sé ljóst enn hvenær þeim rannsóknnum muni ljúka.

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur lokið rannsóknnum á málum er tengjast hruni bankanna og tilkynnti formlega um þau mála-lok 13. febrúar á þessu ári. Samtals hafa 103 mál verið kærð til saksóknara eða málum vísað þangað beint án sérstakrar rannsóknar FME. Mörg þessara mála eru mikil að umfangi. Flest málin eru umboðssvikamál, 47 talsins, samkvæmt upplýsingum frá FME.



Dómstólar eru ekki leikvöllur

ÁLIT

Kristín Edwald

I starfi mínu sem málflytjandi hef ég iðulega orðið vör við hversu lítið fólk veit í raun og veru um íslensku dómstólana. Mér er það ljúft og skylt að fræða þá sem ég flyt mál fyrir um réttarkerfið sem og þá sem ég kalla fyrir dóm sem vitni hvað í því felst. En verra þykir mér að finna hversu lítið þeir sem ekki hafa kynnst dómstólunum af eigin raun vita um starfsemi þeirra. Hugmyndir almennings mótast að miklu leyti af misvönduðum fréttatvöngum um einstök dómsmál og jafnvel sjónvarpsþáttum, íslenskum sem erlendum, sem gefa skakka og yfirleitt kolranga mynd af því starfi sem fer fram hjá íslenskum dómstólum.

Fyrir nokkrum árum fékk ég í hendur bækling sem lá frammi hjá öllum norsku dómstólunum. Í honum var útskýrt við hverju fólk mátti búast þegar það bæri vitni fyrir dómi ásamt því að fjalla á stuttan og aðgengilegan hátt um skipulag og starfsemi dómstólanna. Flottur bæklingur sem lét samt lítið yfir sér.

Það er áhugavert að skoða heimasíður norsku dómstólanna, www.domstol.no og íslensku héraðsdómstólanna, www.domstolar.is út frá sjónarhorni almennings. Báðar síðurnar nota ég í starfi mínu en hef hingað til skoðað þær með augum lögmannsins og ekki haft mikið út á þær að setja, þótt ég vildi að leitarvélin á íslensku síðunni væri betri.

Sláandi munur

Ég komst hins vegar að því að ef maður setur sig í stellingar ólöglærðs er sláandi munur á þeim. Forsíða norsku dómstólanna er hönnuð með þarfir almennings í huga. Löglærðir finna það sem þeir þurfa þar en upplýsingagjöf til almennings er í forgrunni, sem er til mikillar fyrirmyndar. Þar er á mjög aðgengilegan hátt að finna almennar upplýsingar um dómskerfið, verkefni dómstólanna, upplýsingar um einkamál og sakamál, stöðu aðila og vitna, hvað gerist í dómsalnum, hvernig á að haga sér í dómsal og hver er hvað í dómsalnum auk handbókar um reglur og góðar venjur í samskiptum dómstólanna og fjölmiðla. Þá er sérstök umfjöllun fyrir skóla þar sem boðið er upp á heimsóknir í dómstólana, verkefni, nánari fræðsla og fleira. Þá er þar einnig að finna myndband þar sem framkvæmdastjóri norska dómstólaráðsins útskýrir starf dómstólanna.

Dolfallin

Satt að segja var ég alveg dolfallin þegar ég fór að skoða síðuna í þessu ljósi, síðu sem ég hef margoft farið inn á í störfum mínum og sótt upplýsingar. Íslensku dómstólarnir ættu að taka sér þessa síðu og upplýsingagjöf norsku dómstólanna til fyrirmyndar. Dómstólarnir eru nefnilega fyrst og fremst fyrir almenning en okkur lögfræðingana.

Ég ætlaði að athuga hvort ég fyndi bæklinginn sem ég nefndi í upphafi á PDF-formi á heimasíðunni en rakst þá á annað. Rúsinan í pylsuendanum fyrir tækninördinn mig var nefnilega að sjá appið Vitne í retten – snjallsímaforrit með upplýsingum fyrir vitni, eða eins og segir um forritið á tungumáli ömmu minnar: „For noen kan det å bli innkalt som vitne i en rettssak skape uro og usikkerhet. Domstoladministrasjonen har derfor utviklet en informasjonsapp til unge vitner og fornærmede som tar sikte på å skape større trygghet rundt vitnesituasjonen.“

Meðvitaðir um að það getur valdið vanlíðan og óöryggi hjá fólki að þurfa að setjast í vitnastúkuna hafa norsku dómstólarnir sem sagt útbúið upplýsinga-app ætlað ungum vitnum og brotaþolum í þeim tilgangi að auka öryggi varðandi vitnaleiðsluna.

Norsku dómstólarnir eru sko með þetta!



Ætlaði að gera svívirðilegt tilboð

STJÓRNMÁL

Póður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

Vinna var hafin við það að gera kröfuhöfum föllnu bankanna það sem stjórnarliðar kölluðu „svívirðilega lágt“ tilboð í íslenskar eignir þeirra fyrir síðustu kosningar. Hugmyndin var þá að vandanum yrði lokað með viðskiptalegum gerningi sem slitastjórnir föllnu bankanna þyrftu að bera upp á kröfuhafafundi. Til að hugmyndin gengi upp átti að fá lífeyrissjóðina með í gerninginn.

Með þessum hætti átti að loka annarri snjóhengjunni, þeirri sem snýst um eignir þrotabúa Glitnis og Kaupþings, og lækka skuldir ríkissjóðs umtalsvert samhliða. Sú snjóhengja stendur í um 396 milljörðum króna um þessar mundir, samkvæmt nýjasta mati þrotabúanna.



Stýrði skilanefnd

Fjármálaráðuneytið réð Steinar Guðgeirsson sem ráðgjafa fyrr á þessu ári. Hann átti að hjálpa til í málefnum tengdum nauðasamningum gömlu bankanna. Steinar var áður formaður skilanefndar Kaupþings.

Fengu Steinar í lið með sér

Í nóvember 2012 virkjaði þáverandi fjármálaráðherra, Katrín Júlíusdóttir, stýrinefnd um losun fjármagnshafta. Í þeirri nefnd sitja fjármála- og efnahagsráherra, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

Að frumkvæði þeirrar nefndar var Steinar Guðgeirsson ráðinn til að móta næstu skref gagnvart kröfuhöfum

gömlu bankanna. Steinar hafði verið formaður skilanefndar Kaupþings fram til loka árs 2011, þegar starfsemi slíkra skilanefnda var hætt. Formlegt starfsheiti hans var ráðgjafi í málefnum sem tengjast nauðasamningum við kröfuhafa gömlu bankanna og afnámi fjármagnshafta og heyrði hann undir fjármálaráðuneytið.

Steinar þekkti innviði þrotabúanna, sérstaklega Kaupþings, betur en flestir og ríkið bjóst við að hann gæti hjálpað því að komast niður á tilboð sem kröfuhafar myndu mögulega taka. Steinar hafði líka verið í miklum samskiptum við fulltrúa kröfuhafanna í gegnum fyrra starf sitt.

Sú leið sem nefndin taldi líklegasta til að bera árangur var að ríkið keypti bankana báða til baka á því sem heimildarmenn Kjarnans innan fyrri ríkisstjórnar kalla svívirðilega lágt verð. Með því er átt við að greidd yrðu 20 til 30 prósent af bókfærðu innra virði bankanna fyrir þá. Hugmyndin var þá að fá lífeyrissjóðina með í þetta samkomulag og fá þá til að kaupa hluta af bönkunum á móti ríkinu, gegn því að þeir flyttu hluta af erlendum eignum sínum heim og inn fyrir höft til að greiða fyrir þann hluta. Erlendu eignirnar yrðu síðan notaðar til að borga erlendu kröfuhöfunum þær upphæðir sem þeir myndu fá. Aðrar krónueignir Glitnis og Kaupþings áttu síðan að kaupast upp af ríkinu eftir samninga sem áttu



að tryggja tuga prósentu afslátt af þeim. Þeim ávinningi sem átti að skapast þar ætlaði ríkið að sitja sjálft á og ekki deila með neinum.

Hugmyndin var að bjóðast til að greiða erlendu kröfu höfunum strax, bjóða þeim að klára nauðasamninga sína samhliða og hverfa að öllu leyti frá Íslandi. Þeir myndu þannig leysa deilu sem gæti tekið þá mörg ár með því að gefa frá sér stóran hluta af eignum sínum í íslenskum krónum en fá að losa allar erlendar eignir sínar.

Þetta yrði einfaldlega tilboð, viðskiptalegs eðlis, sem kröfuhafar þyrftu að taka afstöðu til. Allir aðilar þess yrðu síðan bundnir af því.

Fór allt of seint af stað

Ríkisstjórnin réðst hins vegar í verkefnið allt of seint og ljóst var að hún hafði ekkert umboð snemma á þessu ári til að klára þessar viðræður. Til þess hafði hún ekki stuðning innan þings, og líkast til ekki heldur innan stjórnarflokkanna sjálfra. Auk þess var of stutt í kosningar og ljóst að kröfuhafarnir myndu ekki vilja semja við ríkisstjórn sem væri svona löskuð og stefndi auk þess inn í kosningar sem hún var að fara að tapa illa. Þegar Framsóknarflokkurinn lét síðan kosningabaráttu sína snúast um hvernig hann ætlaði að eyða fé sem hann ætlaði að ná af kröfuhöfum varð endanlega ljóst að þessi leið var ekki fær.

Auk þess er alls óljóst hvort kröfuhafarnir hefðu litið við þessu tilboði. Kjarninn greindi frá þeim sviðsmyndum sem þeir hafa teiknað upp til að reyna að losa um þann hnút sem er í slitum á þrotabúum föllnu bankanna. Samkvæmt þeim sviðsmyndum er lítill vilji til að gefa eftir þorrann af íslenskum krónueignum þeirra.

Forsvarsmenn kröfuhafanna hafa reynt mikið að fá fundi með ráðamönnum til að ræða þá stöðu sem er uppi án árangurs. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði þó í samtali við Rúv í gærkvöldi að viðræður við þá gætu hafist á næstu vikum. Það er í fyrsta sinn sem ráðamenn opna fyrir slíkar viðræður opinberlega.

Þetta er ekki hægri

ÁLIT



Stefán Bogi Sveinsson

Fyrsta fjárlagafrumvarp nýrrar ríkisstjórnar leit dagsins ljós fyrir skemmstu. Fyrirsjáanlega vakti það mismikinn fögnuð og enn fyrirsjáanlegra var að stjórnarandstaðan myndi gagnrýna frumvarpið. Maður sat bara spenntur og fylgdist með því hvaða lína yrði tekin. Og formenn stærstu stjórnarandstöðuflokkanna ollu ekki vonbrigðum.

„Niður með þingræðið“

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sá ástæðu til að gagnrýna Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sérstaklega fyrir að gefa út þá yfirlýsingu að þingið ætti eftir að fara höndum um frumvarpið og það gæti átt eftir að taka breytingum. Það finnst mér ansi merkileg afstaða þingmanns og bendir ekki til að hann taki starf sitt mjög alvarlega. Eiginlega bendir það til þess að hann hafi aldrei fyllilega jafnað sig á því að missa ráðherrastólinn hér um árið.

Það er til marks um mjög heilbrigða sýn á fjárlagavinnuna að horfa á frumvarpið sem einmitt það, frumvarp. Það er hlutverk Alþingis að vinna með frumvörp og taka endanlega ákvörðun um innihald þeirra. Gagnrýni á þetta er í raun ákall um ráðherraræði eða það sem verra er, algjört einræði embættismanna fjármálaráðuneytisins við fjárlagagerðina.

Það sem er ennþá athyglisverðara við þessa gagnrýni er sú að fyrir ekki löngu síðan lá annar ráðherra Framsóknarflokksins, Sigurður Ingi Jóhannsson, undir harðri gagnrýni fyrir að fram kom í yfirlýsingu frá honum að hann hygðist „afturkalla“ lög sem sett voru af síðasta þingi. Breytti þar engu að í sömu yfirlýsingu kom skýrt fram að það yrði gert með því að hann myndi leggja fram frumvarp á Alþingi sem fengi síðan eðlilega meðferð þar. En það er eins og fulltrúar stjórnarandstöðunnar geti kallað á víxl „Lifi þingræðið“ eða „Niður með þingræðið“, allt eftir því hvað hentar best hverju sinni til að koma höggi á ríkisstjórnina.

Engin augu í hnakkanum

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, skrifaði grein í Fréttablaðið í liðinni viku og gerði fjárlagafrumvarpið að umtalsefni. Málflutningur hennar er einfaldur og gengur út á að fjárlagafrumvarpið sé stefnubreyting. Þar sé farið frá vinstri til hægri. Horfið frá blandaðri leið niðurskurðar og tekjuöflunar til að loka fjárlagagatinu og aukin áhersla á niðurskurð. Frumvarpið markist af hægristefnu.

Í stuttu máli sagt þarf ekki mikla skoðun á fjárlagafrumvarpinu til þess að sjá að það er engin forsenda fyrir þessum ályktunum. Ennþá er fylgt blandaðri leið niðurskurðar og skattheimtu en munurinn er sá að nú tekst að loka fjárlagagatinu. Árangur sem byggir vissulega ekki bara á vinnu við gerð þessara fjárlaga heldur einnig þeirra sem á undan komu, en eigi að síður þurfti töluvert átak til.

Í því sem formaður VG kallar hægri fjárlög er gert ráð fyrir mestu skattheimtu af fjármálafyrirtækjum í sögunni. Aldrei hefur áður verið innheimtur eins mikill skattur af sjávarútveginum. Ennþá er gert ráð fyrir þrepaskiptum tekju-skatti. Þó að gert sé ráð fyrir gjaldtöku af þeim sem leggjast inn á sjúkrahús er það engin grundvallarbreyting. Það má jafnvel segja að það sé undarlegt misræmi í að innheimta gjald af þeim sem getur farið heim samdægurs en ekki þeim sem þarf að liggja yfir nóttina. Allir flokkar hafa í gegnum tíðina staðið fyrir gjaldtöku innan heilbrigðiskerfisins og þar liggur engin djúpt hugsuð hægri pólitík að baki heldur í rauninni ill nauðsyn lítillar þjóðar sem leitast við að halda úti eins góðu heilbrigðiskerfi og kostur er.

En vinstri menn halda kannski að þetta sé hægri. Það er í sjálfu sér ekkert skrítið þegar menn horfa aldrei annað en til vinstri. Enginn hefur augu í hnakkanum. Formaður VG er þannig staðsett í stjórn málum að hún þyrfti að snúa sig úr hálsliðnum til að sjá hið raunverulega hægri. Þess vegna finnst henni fjárlagafrumvarpið til hægri. En það er bara ekki þannig. Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er boðuð miðjustefna. Undir forystu Framsóknarflokksins verður þeirri miðjustefnu framfylgt.



Á hverjum degi snerta heimsforeldrar UNICEF líf barna um allan heim. Með mánaðarlegum framlögum gera þeir UNICEF kleift að bæta líf bágstaddra barna til frambúðar.

Má bjóða þér að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni með okkur?

Kynntu þér málið á www.unicef.is

unicef 